



Námsörðugleikar barna

Áhrif og stuðningur

Ólöf Alda Gunnarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Námsörðugleikar barna
Áhrif og stuðningur

Ólöf Alda Gunnarsdóttir
230688-2499

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarmaður: Lára Björnsdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Ólöf Alda Gunnarsdóttir 2013

Prentun: Prentsmiðja xxx
Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Lokaverkefni þetta fjallar um sértæka námsörðugleika barna. Heimildum var aflað úr bókum, fræðilegum tímaritum, lögum, reglugerðum, skýrslum, rannsóknum og af hinum ýmsu vefsíðum en einnig var aflað upplýsinga af vettvangi með upplýsingaviðtölum. Þær rannsóknarspurningar sem lagðar voru til grundvallar eru: Hvaða áhrif hafa sértækir námsörðugleikar á börn og ungmenni? Hvaða stuðningur er í boði fyrir þessi börn?

Sértækir námsörðugleikar eru taugafræðilegar raskanir af líffræðilegum orsökum en algengasti sértæki námsörðugleikinn er leshömlun sem sjónum er beint að í þessari ritgerð. Áhrif leshömlunar eru umtalsverð og getur hún leitt til námslegra, tilfinningalegra og félagslegra erfiðleika.

Mikil áhersla er lögð á greiningu og stuðning við börn með sértæka námsörðugleika og kemur það fram í lögum og reglugerðum grunnskóla og sveitarfélaga. Þrátt fyrir það má telja að þörf sé á aukinni og samhæfðari aðstoð þar sem mikil aðsókn er í ráðgjafamiðstöðina Sjónarhól. Börn með leshömlun þurfa á umtalsverðum stuðningi að halda á öllum sviðum. Fjölskyldan er mikilvægur stuðningsaðili og huga þarf að stuðningi við hana þar sem mikið álag getur fylgt þessari hömlun. Mikilvægt er að einstaklingar með leshömlun og fjölskyldur þeirra fái skilning, hvatningu og stuðning frá umhverfi sínu á heildstæðan hátt og telja má að félagsráðgjöf gæti sinnt veigameira hlutverki í þessum málaflokki með heildstæðri nálgun.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga lokaverkefni til B. A. prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Höfundur ákvað að fjalla um sértæka námsörðugleika barna, möguleg áhrif þeirra og stuðning við þau. Ástæðan fyrir þessu efnisvali felst í sérstökum áhuga höfundar á málaflokki einstaklinga með námsörðugleika sem á sér rætur í reynslu höfundar af eigin námsörðugleikum.

Sérstakar þakkir fær Lára Björnsdóttir fyrir góða leiðsögn og stuðning við gerð þessarar ritgerðar. Þakka vil ég stjúpföður mínum Pétri Valdimarssyni fyrir stuðning, yfirlestur og góðar ábendingar við gerð ritgerðarinnar. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum og fjölskyldu fyrir stuðning og hvatningu á skólagöngu minni. Sérstakar þakkir fær móðir mín Inga Dís Guðmundsdóttir fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu í gegnum alla mína skólagöngu.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Formáli	2
Efnisyfirlit	3
1 Inngangur	4
2 Námsörðugleikar	5
2.1 Orsakir	7
2.2 Einkenni.....	9
2.3 Styrkleikar.....	10
2.4 Algengi.....	11
2.5 Fylgiraskanir	12
2.5.1 ADHD	12
3 Áhrif leshömlunar	13
3.1 Kvíði.....	14
3.2 Sjálfsmynd	15
3.3 Framtíðarhorfur	16
4 Stuðningur við börn með leshömlun	17
4.1 Fjölskyldan.....	19
4.2 Grunnskólinn	21
4.3 Ábyrgð sveitarfélaga	23
4.4 Sjónarhóll	24
5 Hlutverk félagsráðgjafa	26
5.1 Félagsráðgjöf á fræðslu- og skólasviði	28
6 Niðurstöður	30
7 Umræða.....	33
Heimildaskrá.....	36

1 Inngangur

Samfélagið gerir kröfur til einstaklinga um að ná ákveðinni hæfni við þá þætti sem taldir eru eðlilegir og nauðsynlegir. Erfiðleikar við að ná valdi á þessum þáttum geta valdið einstaklingum vanlíðan. Lestur og skrift eru í raun þeir þættir sem einstaklingar þurfa að ná góðum tókum á vegna náms, starfs og daglegs lífs. Örðugleikar við að ná færni á þessum sviðum hafa áhrif á líf og líðan barna og ungmenna. Nauðsynlegt er að þessir einstaklingar fái aðstoð við nám og leitað sé nýrra leiða til þekkingaröflunar en eingöngu í gegnum lestur. Þegar rætt er um sértæka námsörðugleika er hætt við að einblínt sé á námsörðugleikana og stuðning við námið sjálft en einstaklingurinn og líðan hans getur gleymst. Þar sem námsörðugleikar geta haft slæm áhrif á líf og líðan einstaklinga má telja mikilvægt að horfa heildrænt til allra áhrifaþátta sem og hvaða stuðningur er veittur. Þær rannsóknarspurningar sem lagt var upp með eru: Hvaða áhrif hafa sértækir námsörðugleikar á börn og ungmenni? Hvaða stuðningur er í boði fyrir þessi börn?

Í upphafi eru sértækir námsörðugleikar skilgreindir og greint frá greiningu og flokkun þeirra en hér er athyglinni beint að leshömlun vegna algengi hennar. Fjallað er um líffræðilegar orsakir leshömlunar. Gerð er grein fyrir einkennum leshömlunar og þar sem einkenni endurspegla oft veikleika einstaklinga er einnig greint frá þeim styrkleikum sem geta einkennt einstaklinga með leshömlun. Þá er umfjöllun um algengi leshömlunar og helstu fylgiraskanir, sérstaklega ADHD. Fjallað er um áhrif leshömlunar á líf og líðan barna og ungmenna en það eru einkum kvíði og léleg sjálfsmynd. Einnig er greint frá framtíðarhorfum einstaklinga með leshömlun. Því næst er fjallað um þann stuðning sem telst gagnlegur fyrir einstaklinga með leshömlun. Enn fremur er áhrifum leshömlunar á fjölskylduna sem heild gerð skil sem og mikilvægi stuðnings hennar við börnin. Greint er frá lögum og reglugerðum sem snúa að börnum með leshömlun og fjallað um grunnskóla og sveitarfélög og þjónustu þeirra en einnig er sagt frá starfsemi Sjónarhóls. Sérstök umfjöllun er um félagsráðgjöf og hlutverk félagsráðgjafa einkum í skólafélagsráðgjöf sem tengist þessum málaflokki.

Við gerð þessarar ritgerðar var aflað heimilda úr bókum, fræðilegum tímaritum, skýrslum, rannsóknum, lögum, reglugerðum og hinum ýmsu vefsíðum. Einnig var aflað upplýsinga með upplýsingaviðtölum við foreldraráðgjafa við Sjónarhól, félagsráðgjafa og kennsluráðgjafa í þjónustumiðstöðum Reykjavíkur til að fá gleggri mynd af vettvangi og sjónarhorn fagmanna.

2 Námsörðugleikar

Námsörðugleikar eru fjölbreyttir og orsakast af mismunandi þáttum. Þessir þættir geta verið umhverfi, persónuleiki og tilfinningalíf einstaklings en einnig geta einstaklingar átt í erfiðleikum með nám vegna skerðingar á sjón, heyrn eða hreyfingu. Námsörðugleikar geta einnig stafað af röskun á starfsemi heilans og taugafræðilegum veikleikum en námsörðugleikar af þessum ástæðum er oft skipt í almenna- og sértæka námsörðugleika (Jónas G. Halldórsson, 2000).

Jónas G. Halldórsson sálfræðingur skiptir námsörðugleikum í þessa tvo flokka og skilgreinir þá á eftirfarandi hátt:

- a) Almennir námsörðugleikar orsakast af almennri hömlun í starfsemi heilans. Það felur í sér að einstaklingur mælist undir meðallagi í greind á greindarprófi en oftast er þetta nefnt sem einstaklingur með þroskahömlun og eru þeir á eftir jafnöldrum sínum bæði er varðar almennan þroska og námsgetu (Jónas G. Halldórsson, 2000).
- b) Sértækir námsörðugleikar fela í sér að einstaklingur er meðalgreindur eða yfir meðalgreind en hæfni hans í ákveðnum grunnþáttum náms svo sem lestri, stafsetningu og/eða stærðfræði er marktækt undir því sem vænta má miðað við greind einstaklingsins (Jónas G. Halldórsson, 2000).

Sértækir námsörðugleikar eru viðvarandi röskun sem hafa áhrif á hversu vel og auðveldlega heilinn getur tekið á móti og geymt upplýsingar. Einnig hafa þeir áhrif á viðbrögð og tjáningu. Sértækir námsörðugleikar geta haft áhrif á getu einstaklingsins á sviðum eins og hlustun, tjáningu þá bæði munnlega og skriflega, lestur, stafsetningu, rökstuðning og stærðfræði (National Center for Learning Disabilities, e.d.).

Alþjóðlega viðurkennd flokkunarkerfi skilgreina sértæka námserfiðleika og eru að finna sambærilegar skilgreiningar í ICD-10 kerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og DSM-IV sem bandarísku geðlæknasamtökin gefa út. Hér á landi er notast við ICD-10 kerfið umfram DSM-IV svo sem við greiningu á fötlunum barna (Jónas G. Halldórsson, 2000). ICD-10 kerfið, sem stendur fyrir International Classification of Diseases (World Health Organization, e.d.-a) miðar við að sértækir námsörðugleikar séu til staðar þegar árangur einstaklings í grunngreinum náms svo sem lestur, skrift eða stærðfræði sé undir eðlilegum mörkum. Það þýðir að námsárangur sé tveim staðalfrávikum eða meira fyrir neðan það sem búist er við miðað við greindarvísitölu, aldur og menntun einstaklings. Miðað er við að orsök

námsörðugleikanna sé líffræðileg og tengd taugafræðilegum veikleikum. Ganga þarf úr skugga um að námsörðugleikarnir stafi ekki af öðrum orsökum eins og af umhverfisáhrifum svo sem lélegri kennslu eða slæmum uppeldisaðstæðum, tilfinningalegum þáttum og ekki af þáttum eins og sjón-, heyrnar- eða hreyfiskerðingum. Þegar greina á sértæka námsörðugleika er námsstaða einstaklings í grunngreinum athuguð, lagt er fyrir hann greindarpróf og gert taugasálfræðilegt mat. Við greiningu er notast við stöðluð og rannsökuð próf. Þegar athuguð er staða í grunngreinum náms er meðal annars notast við lestrarpróf sem tekur til hljóðgreiningar, leshraða og nákvæmni, áttun og lesskilnings. Taugasálfræðilega matið greinir taugasálfræðilegan styrkleika og veikleika en einnig hugsanleg áhrif námsörðugleikana á svo sem atferli, sjálfstraust og líðan. Þeir veikleikar sem taugasálfræðilega matið leitar eftir felst meðal annars í hljóðgreiningu, sjónrænni úrvinnslu, samhæfingu, fínhreyfingum og athygli. Kortlagðir eru einnig í þessu mati taugafræðilegir styrkleikar en það er nýtt við ráðgjöf og meðferð (Jónas G. Halldórsson, 2000).

Greiningakerfið ICD-10 felur í sér sex undirflokka sértækra námsörðugleika. Fyrsti flokkurinn er sértæk lestrarröskun (e. Specific reading disorder) það eru miklir og sértækir örðugleikar er varða lestur en einnig eru oft stafsetningarörðugleikar til staðar og hafa börn með þessa hömlun oft sögu um tjáningarörðugleika. Annar undirflokkurinn kallast sértæk stafsetningarröskun (e. Specific spelling disorder) sem felst í sértækum og miklum örðugleikum varðandi stafsetningu án sögu um sértæka lesröskun. Um er að ræða röskun á getu einstaklings til að stafsetja munnlega og skriflega rétt. Ólíkt einstaklingum með lestrarröskun virðast villur einstaklinga hér vera hljóðfræðilega réttar. Þriðji undirflokkurinn nefnist sértæk röskun á stærðfræðihæfni (e. Specific disorder of arithmetical skills) og felur í sér röskun á grunnþáttum stærðfræðinnar frekar en flóknari þáttum svo sem algebru. Fjórti undirflokkurinn nefnist blöndun námsraskana (e. Mixed disorder of scholastic skills) og felur í sér einstaklinga með stærðfræðiröskun og annaðhvort lestrarröskun eða stafsetningarröskun. Fimmti undirflokkurinn nefnist aðrar námsþroskaraskanir (e. Other developmental disorders of scholastic skills) og felur í sér rittjáningarþroskaröskun. Sjötti undirflokkurinn nefnist ótilgreind námsþroskaröskun (e. Developmental disorder of scholastic skills, unspecified) sem er eins konar afgangsflokkur þegar um sértæka námsörðugleika er að ræða sem fellur ekki undir fyrrnefnda undirflokka (World Health Organization, e.d.-b).

Sértæk lesröskun er kölluð lesblinda í daglegu tali og er það þýðing á orðinu dyslexia en þar sem ekki er um að ræða blindu heldur hömlun þá er hugtakið leshömlun talið vera vænlegra í notkun og fræðilega réttara yfir þetta fyrirbæri (Menntamálaráðuneytið, 2007) og vegna þessa verður hér notast við það hugtak. Leshömlun er talin algengasti sértæki námsörðugleikinn og í því ljósi verður einna helst fjallað um þá röskun hér (Sexton, Gelhorn, Bell og Classi, 2012).

Samkvæmt Alþjóðlegu samtökunum um leshömlun (International Dyslexia Association) er leshömlun skilgreind sem sértækur námsörðugleiki af taugafræðilegum uppruna. Um er að ræða erfiðleika er varða lestur og stafsetningu sem er til staðar þrátt fyrir meðalgreind og hefðbundna kennslu. Afleiðingar þessa geta falið í sér vandamál varðandi lesskilning og dregið þar með úr lestri, auknum orðaforða og bakgrunnsþekkingar sem lestur gefur (International Dyslexia Association, 2002).

Að öllu jöfnu er leshömlun greind þegar barn er um 7 til 8 ára þó einkenni hennar geta komið fyrir fram. Talið er að ekki sé vænlegt að greina barn með leshömlun fyrir en það hefur hlotið þá kennslu sem nægir börnum að öllu jöfnu til að verða læs. Þó er talið vænlegt að gera athugun eða skimun fyrir og með því er hægt að grípa inn í með markvissri örvun og þjálfun fyrir þau börn sem talin eru í hættu á leshömlun. Slíkt getur dregið úr áhrifum leshömlunar og jafnvel komið í veg fyrir umtalsverða örðugleika hennar. Á fyrstu árum grunnskólagöngu er svo framkvæmd greining og barninu veittur áframhaldandi stuðningur (Jónas G. Halldórsson, 2000).

2.1 Orsakir

Almennt er leshömlun talin bæði meðfædd og ættgeng en ekki hefur tekist að skýra nákvæmlega með fullri vissu orsakir hennar eða hvort hún sé afleiðing af einum eða fleiri þáttum. Árið 1925 uppgötvaðist að áverkar á heila gátu orsakað leshömlun og frá þeim tíma hafa sérfræðingar horft til taugafræðilegra skýringaþátta (Halla Magnúsdóttir, 2010). Fræðimenn telja að leshömlun eigi sér líffræðilega orsakir en fjölmargar kenningar eru um hvers konar líffræðilega þætti sé um að ræða (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006).

Rannsóknir á heilanum styðja við kenningar um líffræðilegar orsakir leshömlunar sem benda til þess að um einhvern mun sé að ræða á heila einstaklinga með og án leshömlunar.

Þó eru niðurstöður rannsókna á þessu sviði misvísandi að einhverju leyti (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006).

Heilinn skiptist í hægra og vinstra heilahvel en þau eru talin hafa mismunandi hlutverk. Vinstra heilahvel er talið sundurgreinandi og á þá auðveldara með að greina heildina niður í grunneiningar svo sem að greina samfellt mál niður í hljóð, orð og setningar. Hægra heilahvel er talið samþættandi og tekur því einingar og sameinar í heild svo sem við rúmskynjun (Þuríður Þorbjarnardóttir og Heiða María Sigurðardóttir, 2007). Alla jafna eru hægra og vinstra heilahvel misstór og er þá efri hluti gagnaugablaðs (lobi temporales) í vinstra heilahveli stærra og það er talið styðja við ýmis atriði er varða tungumálið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að heilahvel einstaklinga með leshömlun eru jafnstór og þá að hægra heilahvel sé stærra en gengur og gerist (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006).

Rannsóknir hafa sýnt fram á ákveðið virknimynstur í starfsemi heila hjá börnum er varða lestur en þá virkjast ákveðin svæði í vinstra heilahveli. Sýnt hefur verið fram á að börn með leshömlun virkja sömu svæði í hægra heilahveli við lestur. Aukin virkni í hægra heilahveli hefur verið í samræmi við minni hæfni í hljóðkerfisvinnslu það er þegar hugurinn meðtekur, flokkar, greinir og raðar hljóðum í tungumáli (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006).

Rannsóknir á sviði heilastarfsemi má telja afar mikilvægar og sérstaklega þar sem fræðimenn telja taugakerfið vera mun mótanlegra en áður var talið. Rannsóknir á heilavirkni og þjálfun við lestur hjá leshömluðum benda til þess að sérstök þjálfun á hljóðkerfisvitund og ýmsum hliðum lesturs hafi sýnt aukna virkni í þeim svæðum heilans sem sýndu minni virkni en gengur og gerist. Leshamlaðir einstaklingar sem fengu þess konar þjálfun nálguðust jafnaldra sína í lestri. Þá er hægt að draga þá ályktun að við vel heppnaða íhlutun geti taugakerfið breyst að einhverju leyti (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006). Þó verður að horfa á rannsóknir með ákveðnum fyrirvara þar sem leshömlun felst í mun fleiri þáttum en þeim sem þjálfun og kennsla beinast að. Rannsakendur hafa einnig bent á að þessi þjálfun hljóðkerfisvitundar sé ekki lausn á leshömlun og hafa rannsóknir sýnt að um 30% barna hafi ekki gagn af þess konar kennslu (Halla Magnúsdóttir, 2010).

Sett hefur verið fram kenning um röskun á litlaheila (cerebellum) meðal leshamlaðra og er þeirri röskun lýst sem vanvirkni í litlaheila. Sú kenning er nefnd litlaheilakenningin. Starfsemi litlaheila hefur áhrif á tímaskyn, hreyfistjórnun og jafnvægi, skipulagningu og málúrvinnslu. Röskun á litlaheila er einnig talin geta haft áhrif á sjálfvirkni athafna sem hefur

áhrif á bæði lestur og ritun. Hömlun á sjálfvirkni leiðir til þess að einstaklingar með leshömlun þurfa að einbeita sér meira en aðrir við athafnir eins og lestur (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006).

Hluti af orsökum leshömlunar eru erfðafræðilegar og hafa rannsóknir sýnt fram á að þriðjungur foreldra sem eiga börn með leshömlun eru leshamlaðir sjálfir. Talið er að ef foreldri er með leshömlun séu 20-40% líkur á að barn þess sé það einnig. Í tvíburarannsóknum hefur komið fram að ef annar eineggja tvíbura er með leshömlun séu tæplega 70% líkur á að hinn sé það einnig. Ef um tvíeggja tvíbura er að ræða eru líkurnar tæplega 40%. Leshömlun er talin vera samspil erfða og umhverfis, en talið er að erfðir skýri um 50-60% af lestrarfærni einstaklinga (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006).

2.2 Einkenni

Einkenni leshömlunar eru einstaklingsbundin að einhverju leyti og oft mismunandi eftir menningu og tungumáli. Sameiginleg einkenni flestra sem greindir eru með leshömlun eru þó erfiðleikar við lestur og stafsetningu (Halla Magnúsdóttir, 2010). Hafa skal í huga að sjaldan einskorðast námsvandi nemenda með leshömlun við lestur en vandi er varðar skrift, stafsetningu og ákveðna þætti stærðfræðinnar er algeng (Jónas G. Halldórsson, 2000). Hæfni einstaklinga með leshömlun getur verið sveiflukennd eftir dögum (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

Einkenni leshömlunar koma fram í lestri, skrift, ritun og stafsetningu en einnig skipulagningu á umhverfi, minni, tímastjórnun, raðvinnslu og áttaskyni en ólíklegt er að öll þessi einkenni eigi við sama einstakling (Elín Vilhelmsdóttir, 2007). Erfiðleikar geta falist í tímahugtökum sem og skynjun á rými og tíma. Einnig hefur verið sýnt fram á að um 30-40% leshamlaðra einstaklinga eiga í vandræðum með stjórn hreyfinga og viðbragðstími getur verið um 30% lengri en hjá öðrum einstaklingum (Halla Magnúsdóttir, 2010).

Lestur einstaklinga með leshömlun er þeim erfiður og oft hægur og hikandi. Þeir nema sjaldan staðar við greinarmerki og eru oft í miklum erfiðleikum með einstök orð eða lesa þau rangt. Einstaklingar með leshömlun þreytast fljótt við lestur þar sem mikil orka fer í tæknina við lesturinn og þar af leiðandi er oft um að ræða takmarkaðan lesskilning. Algeng villa leshamlaðra við lestur er speglun stafa, til dæmis að lesa bíba í stað pípa. Einnig getur verið um að ræða rugling á röð stafa í orðum og að lesa lík orð sem hafa þó ólíka merkingu eða lesa ólík orð sem hafa sömu merkingu. Algengt er að einstaklingar með leshömlun lesi rangt,

skipti út eða bæti inn í texta smáorðum við lestur en einnig að þeir sleppi úr eða breyti endingum orða til dæmis lesi ágæt í stað ágætlega (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

Þegar horft er til stafsetningar einstaklinga með leshömlun eru villur þar oft svipaðar og lýst er hér að ofan er varðar lestur. Einstaklingar með leshömlun geta átt í erfiðleikum með að skrifa og tjá þekkingu sína með texta. Texti ritaður af einstaklingi með leshömlun getur einkennst af stuttum setningum, skorti á greinarmerkjum, uppbygging setninga getur verið málfræðilega og/eða setningarfræðilega röng, rangri stafsetningu, ólæsilegri skrift og eiga erfitt með að sjá villur í eigin texta (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

Leshamlaðir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með stefnu- og áttir, einnig stefnuhugtök svo sem hægri – vinstri, yfir – undir, á undan – á eftir. Þeir eiga einnig oft í erfiðleikum með að vinna í ákveðinni röð, til dæmis ná margir seint tókum á að reima skó. Þá getur þetta komið fram í erfiðleikum við að leysa langar jöfnur í stærðfræði og við vélritun. Vélritun getur verið mikilvægt hjálpatæki fyrir einstaklinga með leshömlun en það getur tekið langan tíma og reynst þeim erfitt að læra á lyklaborð. Það getur reynst þessum einstaklingum mjög erfitt að læra merkingarlaus atriði utanbókar, það er staðreyndir sem vekja hvorki áhuga þeirra né þeir telja mikilvægar. Dæmi um þetta er margföldunartaflan, vísindalegar staðreyndir, nöfn, staðarheiti og ártöl. Þá geta einstaklingarnir oft útskýrt vel hvaða sögulegu atburðir áttu sér stað og hvaða afleiðingar þeir höfðu án þess að muna ártöl eða nöfn sem við eiga. Leshamlaðir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með tímastjórnun og tímahugtök. Þeim reynist erfitt að læra á klukku sem er með vísun, muna röð mánaða í árinu og að muna stundatöfluna sína. Þeir geta einnig átt í erfiðleikum með að halda umhverfi sínu í röð og reglu. Vegna þessarar óreiðu týna þeir oft hlutum en einnig geta þeir átt í erfiðleikum með að hafa réttu hlutina með sér á réttum tímum (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

2.3 Styrkleikar

Þar sem lýsing á einkennum leshömlunar er oftast upptalning á veikleikum er ástæða til að fjalla sérstaklega um styrkleika þessa hóps. Talið er að einstaklingar með leshömlun búi yfir umtalsverðum styrkleikum sem eru oft tengdir við virkara hægra heilahvel. Þeir styrkleikar sem einstaklingar með leshömlun geta búið yfir felst í listrænum hæfileikum, skynjun á hlutum í þrívídd, hæfileikum í íþróttum, ríku ímyndunarafli, skapandi heildrænni hugsun og stærðfræðigáfum. Jafnframt eru leshamlaðir einstaklingar gjarnan forvitnir og búa yfir talsverðri þrautseigju. Þó geta veikleikar leshömlunar truflað styrkleika eins og í stærðfræði

en þá geta erfiðleikar svo sem við stefnuskyn, minni og raðvinnslu truflað þennan styrkleika (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

Mikið er um að einblínt sé um of á veikleika barns með leshömlun og þá vilja styrkleikar þeirra gleymast og mikilvægi þeirra. Veikleikar einstaklinga með leshömlun eru einangraðir þættir sem eru umkringdir styrkleikum þeirra svo sem hugtakamyndun, gagnrýnni hugsun, rökhugsun, lausnamiðaðri hugsun og dýpri skilningi. Vegna erfiðleika þeirra, meðal annars við að leggja hluti á minnið og kalla fram ákveðin orð, getur gefið þá mynd af einstaklingnum að hann sé ekki jafn hæfur bóklega og hann í raun er. Vegna þessa veikleika þarf hann oft að muna með því að fá dýpri skilning á viðfangsefninu og getur þá, ef hann fær tíma til þess, gert viðfangsefninu góð skil (Shaywitz, 2003). Mikilvægt er að veikleikar komi ekki niður á þáttum sem annars myndu ganga vel. Gott er að nálgast viðfangsefni úr mismunandi áttum og í gegnum styrkleika einstaklingsins (Halla Magnúsdóttir, 2010).

Nefnd hefur verið góð leið til að aðstoða einstakling með leshömlun sem felst í að tiltaka bæði veikleika hans og styrkleika. Brugðist er við veikleikum hans eins fljótt og hægt er og einstaklingnum veittur stuðningur og aðstoða sköpuð fyrir hann til að geta nýtt styrkleika sína. Styrkleikar einstaklingsins eru gríðarlega mikilvægir í þessum skilningi og þarf að gæta þess að barn skilgreini sig út frá styrkleikum sínum (Shaywitz, 2003).

Frístundir og tómstundastarf barna eru mikilvæg og hafa rannsóknir sýnt fram á að sjálfsmynd barna mótast af miklu leyti í því starfi. Regluleg hreyfing er öllum mikilvæg og hafa rannsóknir leitt í ljós að börn sem stunda íþróttir eru líklegri til að líða betur og ólíklegri til að sýna áhættuhegðun. Einnig hafa rannsóknir sýnt að íþróttaiðkun leiði til betri námsárangurs (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Ýmis áhugamál svo sem íþróttir geta verið hluti af styrkleikum einstaklings með leshömlun. Mikilvægt hefur reynst fyrir börn með leshömlun að stunda áhugamál sem geta styrkt sjálfsmynd þeirra og veitt þeim útrás fyrir þá spennu og streitu sem námið getur leitt af sér (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

2.4 Algengi

Tíðni leshömlunar hjá almenningi er talið vera allt frá 4-10% og jafnvel hafa einhverjir talið það vera rúm 17% (Sexton o.fl., 2012). Alþjóðlegu samtökin um leshömlun telja að um 15-20% fólks stríði við lestrarörðugleika og af þeim sem stríða við sértæka námsörðugleika sé 70-80% með leshömlun (The International Dyslexia Association, e.d.). Athuguð var tíðni leshömlunar í 35 grunnskólum í Reykjavík, en þá voru um 7,3% nemenda með þá greiningu.

En þegar þeim nemendum var bætt við sem kennarar töldu líklega vera með leshömlun varð hlutfallið tæplega 11% (Hrund Logadóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Sigþór Magnússon, Skúli Sigurðsson og Þorgerður Diðriksdóttir, 2008).

2.5 Fylgiraskanir

Þegar einstaklingur greinist með sértæka námsörðugleika eins og leshömlun er mikilvægt að huga að fylgiröskunum þar sem auknar líkur eru á ýmsum öðrum röskunum samhliða leshömluninni svo sem ADHD, kvíða og depurð (Jónas G. Halldórsson, 2000). Gerð var rannsókn á 179 börnum þar sem skoðaðar voru sjö raskanir það er leshömlun, ADHD, hreyfiproskaröskun, mótþróaþrjóskuröskun, hegðunarröskun, þunglyndi og kvíðaröskun. Kom fram að ef barn var með leshömlun voru 51,6% líkur á að það hefði að minnsta kosti eina aðra röskun. Þá voru 48% barna eingöngu með leshömlun, 24% með leshömlun og eina aðra röskun, 18% með leshömlun og tvær aðrar raskanir og 10% með leshömlun og þrjár eða fleiri raskanir. Allar þessar sjö raskanir sem voru athugaðar í þessari rannsókn eru taldar vera fylgiraskanir leshömlunar en niðurstöðurnar sýndu fram á að ADHD er algengasta fylgiröskun hennar (Kaplan, Dewey, Crawford og Wilson, 2001).

2.5.1 ADHD

Ein algengasta hegðunarröskun barna og unglinga er talin vera ADHD en um er að ræða röskun á taugaproska. ADHD er skammstöfun fyrir enska heitið Attention Deficit Hyperactivity Disorder og er betur þekkt á íslensku sem athyglisbrestur með ofvirkni. Einkenni ADHD skiptast í þrjá flokka, það er athyglisbrestur, ofvirkni og hvatvísi. Á Íslandi hefur skapast sú tilhneiging að notast við DSM-IV kerfið við greiningu á ADHD. DSM-IV er greiningarkerfi bandaríska geðlæknafélagsins og er skammstöfun fyrir Diagnostic and Statistical Manual for Mental Disorders. Í þessu greiningarkerfi er ADHD yfirheiti yfir ADHD með og án ofvirkni, eins og notast er við hugtakið ADHD hér (Embætti landlæknis, 2012). Athyglisbrestur án ofvirkni kallast ADD sem er skammstöfun fyrir Attention Deficit Disorder og eru þá með einkenni athyglisbrest án þess að sýna veruleg einkenni ofvirkni og hvatvísi. ADHD samtökin telja ADHD hrjá um 5-10% barna og að erfðir skýri 75-95% einkenni þess (ADHD samtökin, e.d.-a).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að ADHD sé algengasta fylgiröskun leshömlunar og eru taldar vera mjög tengdar raskanir. ADHD og leshömlun hafa sameiginleg einkenni svo sem röskun á athygli, hvatvísi, röskun er varðar úrvinnsluhraða og minni. Vísbendingar um minni

úrvinnsluhraða beggja raskananna gefa í skyn mikilvægi þess að nemendur með ADHD fái aukinn tíma sem er þó oftast veittur einstaklingum með leshömlun en er ekki talið jafn sjálfsagt þegar um er að ræða einstakling með ADHD greiningu. Talið hefur verið að sameiginlegir gena- og taugafræðilegir þættir leshömlunar og ADHD geri einstaklinga berskjaldaðri fyrir báðum röskunum. Rannsóknir benda til þess að tíðni leshömlunar hjá einstaklingum með ADHD sé allt frá 15-45% og tíðni ADHD hjá börnum með leshömlun sé frá 9-60%. Einstaklingar sem glíma bæði við leshömlun og ADHD eru líklegri til að fá lægri einkunnir og hafa lakari bóklega færni en þeir sem eiga við aðra hvora röskunina eða hvoruga að stríða. Einnig getur félagsfærni og hæfileikinn til að eignast vini reynst börnum með bæði leshömlun og ADHD sérstaklega erfitt, vegna þess að þau þurfa í þessum aðstæðum að beita athygli, minni og einbeitingu en þessir þættir geta verið óþroskaðir hjá barni með báðar þessar raskanir (Sexton o.fl., 2012). Þetta getur haft slæmar afleiðingar fyrir barn sérstaklega í nútímasamfélagi þar sem börn eyða mun meiri tíma með jafnöldrum sínum en áður tíðkaðist þar sem uppeldi þeirra á sér stað bæði á heimilum og á stofnunum. Vegna þessa eru miklar kröfur gerðar til barna um að þau þrói með sér mikla félagslega hæfni fyrr (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2002).

3 Áhrif leshömlunar

Þrátt fyrir að afleiðingar leshömlunar geti verið bæði jákvæðar og neikvæðar vegur neikvæði hlutinn oft mun þyngra. Dæmi um þær jákvæðu hliðar leshömlunar er að þróa með sér gott minni, hæfileikinn að hlusta og fylgjast þannig með og hæfileiki til að skoða, fylgjast með og líkja eftir. Þær neikvæðu afleiðingar sem leshömlun getur haft í för með sér felast í neikvæðu viðhorfi til náms, lélegu sjálfsmati, lélegri félagsfærni, einangrun og hegðunaryvandamálum (Menntamálaráðuneytið, 2007). Börn sem eiga í erfiðleikum með nám eiga það til að sýna bæði áhugaleysi á náminu og óviðeigandi hegðun sem tilraun til að draga athygli frá raunverulegum vandamálum þeirra (Halla Magnúsdóttir, 2010).

Sérfræðingar telja að margir einstaklingar með leshömlun upplifi sig heimska þrátt fyrir að þeir hafi háa greindarvísitölu og hafa því þörf fyrir að sanna sig, bæði fyrir öðrum og sjálfum sér. Þrátt fyrir að geta sannfært aðra um gáfur sínar tekst þeim oft ekki að sannfæra sjálfa sig um þær en halda ef til vill að þeir hafi aðeins náð að blekkja hina. Leshömlun getur haft ýmis slæm áhrif á andlega líðan einstaklinga og oft bera leshamlaðir einstaklingar tilfinningaleg ör alla ævi. Áframhaldandi minnimáttarkennd leiðir stundum til þess að fólk

verður feimið og lætur lítið fyrir sér fara, en aðrir geta orðið þunglyndir, sýnt áhættuhegðun svo sem að ánetjast áfengi og/eða fíkniefnum og sýna andfélagslega- eða jafnvel glæpsamlega hegðun (Halla Magnúsdóttir, 2010). Talið hefur verið að tilfinningaleg stuðningsþörf nemenda með sértæka námsörðugleika sé oft vanrækt þar sem stuðningur við þá beinist aðallega að námi þeirra (Nelson og Harwood, 2011).

Fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á að leshömlun tengist félagslegum og tilfinningalegum erfiðleikum svo sem skorti á hvatningu til náms, ótta við mistök, þunglyndi, kvíða, einmanaleika, lágu sjálfsmati og lélegri félagsfærni (Singer, 2005). Einstaklingar með leshömlun eru oft að berjast við ákveðinn ótta, óttann við að gera mistök, falla ekki inn í hópinn eða að einhver uppgötvu veikleika þeirra. Stundum fer mikil orka hjá einstaklingum í að forðast aðstæður þar sem veikleikar þeirra gætu komið fram og talið er að þessi ótti sé meiri hjá börnum með leshömlun en hjá öðrum og getur verið jafnvel meira hamlandi en leshömlunin sjálf. Vegna örðugleika þessara einstaklinga vakna oft upp tilfinningar eins og minnimáttarkennd, reiði, afbrýðisemi og skömm sem eru skiljanleg viðbrögð til dæmis við því að yngra systkini sé fljótt hraðlæsara en þau eða að mikill tími og fyrirhöfn fari í að lesa texta aðeins til að átta sig á því í lokin að aðalatriðin hafa farið alveg fram hjá þeim (Halla Magnúsdóttir, 2010).

Íslensk rannsókn á 61 fullorðnum einstaklingi með leshömlun 16 ára og eldri leiddi í ljós að flestir eða um 87% þátttakenda töldu leshömlunina hafa haft mikil áhrif á líf þeirra. Þeir töldu hana hafa haft áhrif á þróun persónuleika og sjálfsmyndar þeirra. Stærsti hluti þessa einstaklinga taldi áhrif leshömlunar hafa verið neikvæð en aðeins um 5% þeirra taldi leshömlun sína hafa haft jákvæð áhrif á líf þeirra svo sem kennt þeim nákvæmni og vinnusemi. Tæplega 28% þátttakendanna greindu frá litlu sjálfstrausti og sögðust oft finna fyrir minnimáttarkennd. Áhugavert er að tæplega 74% þátttakendanna fann fyrir vanmætti varðandi lestrar- og ritunarfærni. Einnig nefndu nokkrir aðilar kvíða og þunglyndi sem áhrif leshömlunar (Marjatta Ísberg, 2002).

3.1 Kvíði

Kvíði hefur mælst tíðari meðal barna með leshömlun en annarra, bæði almenn kvíðaröskun og aðskilnaðarkvíði þó tekið væri tillit til athyglisbrests (Sexton o.fl., 2012). Einstaklingar með leshömlun upplifa oft mikla streitu í námi þar sem grundvallarþættir skólagöngu vefjast fyrir þeim. Telja má að börn sem eru vel gefin og metnaðarfull upplifi þeim mun meiri streitu þar

sem einstaklingur hefur ef til vill bæði hugmyndir og skilning á viðfangsefninu en getur ekki tjáð þær hvorki skriflega né munnlega á skipulegan og skiljanlegan hátt (Elín Vilhelmsdóttir, 2007). Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að mikill kvíði hefur skaðleg áhrif á frammistöðu í námi og hafa rannsóknir bent til þess að kvíði sé algengari hjá nemendum með sértæka námsörðugleika. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að án inngrips getur kvíði aukist til muna og jafnvel leitt til þunglyndis (Nelson og Harwood, 2011). Jákvæð viðhorf og skilningur starfsmanna á öllum skólastigum er eitt mikilvægasta atriðið til að draga úr bæði kvíða og streitu nemenda með leshömlun (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

3.2 Sjálfsmynd

Sjálfsmynd er hugmynd einstaklings um sjálfan sig og felur í sér sjálfstraust, sjálfsvirðingu og sjálfsöryggi. Góð sjálfsmynd er talin grundvöllur náms og viðheldur félagslegri og tilfinningalegri vellíðan. Barn sem hefur góða sjálfsmynd er líklegra til að ná góðum árangri í lífinu og mynda góð félagsleg tengsl. Sjálfsmynd er talin myndast í samskiptum við aðra og uppbyggjandi umhverfisþættir svo sem viðurkenning, hvatning og jákvætt viðhorf eru taldir stuðla að góðri sjálfsmynd (Leikskólasvið Reykjavíkur og Menntasvið Reykjavíkur, 2008).

Börn bera sig saman við vini sína og mikilvægt er að tilheyra fyrirfram ákveðnum viðmiðum sem telst venjulegt í þeirra umhverfi. Þegar börn upplifa að þau tilheyri því ekki hefur það slæm áhrif á sjálfsmynd þeirra og eykur líkurnar á að þau verði fyrir einelti. Í rannsókn þar sem rætt var við 51 einstakling með leshömlun kom fram að 85% þeirra hafði verið strítt í skóla vegna leshömlunar sinnar. Algengustu áhyggjuefni og takmark þessara barna voru að komast hjá því að verða fyrir aðkasti, að þeim líði vel, finnist þau tilheyra því sem telst venjulegt og að vernda sjálfsmynd sína (Singer, 2005). Þessar niðurstöður endurspeglu fjöldi niðurstaðna erlendra rannsókna en í íslenskri rannsókn á 61 einstaklingi með leshömlun kom fram að tæplega 74% þátttakendanna taldi sig hafa sterka félagslega stöðu (Marjatta Ísberg, 2002).

Börn sem hafa upplifað niðurlægingu, höfnun og endurtekin mistök eins og fjöldi barna með sértæka námsörðugleika, hafa að jafnaði lægra sjálfsmat og upplifa varnarleysi. Sýnt hefur verið fram á að börn með leshömlun hafi lægra heildarsjálfsmat og skynja sig með minni námshæfni en aðrir (Gans, Kenny og Ghany, 2003).

Vísbendingar eru um að það fari eftir því hvernig einstaklingar líti á hamlanir sínar hversu mikil áhrif þær hafa á sjálfsmat þeirra. Sýnt hefur verið fram á að háskólanemar sem

litu á hamlanir sínar sem hluta af breytileika fremur en sem röskun sýndu hærra sjálfsmat í námi og meiri jákvæðni gagnvart framtíð sinni (Sexton o.fl., 2012). Einnig hefur komið fram að líðan nemenda með sértæka námsörðugleika gagnvart eigin námshæfni var betri þegar þeir báru sig saman við jafnaldra með sértæka námsörðugleika en þegar þeir báru sig saman við jafnaldra án námsörðugleika (Gans o.fl., 2003). Leshömlun getur verið ættgeng og í íslenskri rannsókn kom fram að flestir eða um 72% þekktu einhverja með leshömlun annaðhvort utan eða innan fjölskyldu sinnar. Að vera í samskiptum við og þekkja fólk sem á við sömu erfiðleika að stríða getur auðveldað einstaklingum að setta sig við eigin hömlun og í sumum tilvikum virkað sem styrking. Þó getur þetta haft neikvæð áhrif og leitt til sinnuleysis ef hugmynd um að fjölskyldan sé illa gefin festir rætur. Þar sem börn þurfa að fá mikinn stuðning getur leshömlun foreldra einnig haft áhrif á hversu mikinn og góðan stuðning þau geta veitt (Marjatta Ísberg, 2002). Rannsókn hefur sýnt að leshömlun hafði jákvæð áhrif á sjálfsmat barna þar sem þau voru stolt af hverju skrefi sem þau tóku og höfðu tekið þá ákvörðun að sigrast á leshömluninni eins og hægt væri (Singer, 2005). Hér má sjá hversu mikilvægt viðhorf einstaklings til eigin hamlana á borð við leshömlun er. Rannsóknir hafa leitt í ljós að börn með sértæka námsörðugleika sem höfðu jákvæðara viðhorf gagnvart námsörðugleikum sínum höfðu betri sjálfsmynd sem og betri vitsmuna- og félagsfærni (Gans o.fl., 2003).

Þegar rannsakendur hafa litið til þess hvers vegna mörg börn með leshömlun viðhalda jákvæðri sjálfsmynd þrátt fyrir námsörðugleika sína kemur í ljós að þættir eins og jákvæð upplifun þeirra á félagslegum stuðningi og hæfni þeirra í öðru en námi virtist bæta sjálfsmat þeirra. Mikilvægt er að vita hvernig á að bregðast við og bæta sjálfsmat nemanda með sértæka námsörðugleika og jafnframt að það sé gert snemma og á áhrifaríkan hátt (Gans o.fl., 2003).

Hafa ber í huga að slæmar afleiðingar leshömlunar hafa ekki aðeins áhrif á einstaklinginn og fjölskyldu hans heldur einnig á samfélagið í heild sinni ef hann fær ekki viðeigandi stuðning og getur ekki nýtt hæfileika sína til fulls (Menntamálaráðuneytið, 2007).

3.3 Framtíðarhorfur

Ýmis atriði hafa áhrif á framtíðarhorfur einstaklinga með sértæka námsörðugleika. Taldar hafa verið betri framtíðarhorfur þegar um bæði vægari og færri taugasálfræðilega þætti og hærri greindarvísitölu er að ræða sem og fyrir þá sem fá greiningu fyrr. Einnig hefur

viðeigandi skilningur, stuðningur og betri heimilisaðstæður jákvæð áhrif á framtíðarhorfur. Oft minnka taugasálfræðilegir veikleikar með aldrinum og ná þessir einstaklingar þá oft betri tókum á einkennum sínum. Leshömlun eldist þó ekki af fólki þar sem um er að ræða viðvarandi röskun (Jónas G. Halldórsson, 2000). Í niðurstöðum íslenskrar rannsóknar kom fram að nemendur við Háskóla Íslands með leshömlun lásu hægar en aðrir nemendur, það er lásu að meðaltali 25% hægar. Í rannsókn Marjöttu Ísberg kom fram að um 66% þátttakenda töldu eigin leshömlun hamla þeim umtalsvert eða mikið í daglegu lífi. Þar kom fram að um 90% áttu í erfiðleikum með ritun og stafsetningu, 54% lestur, 18% heimilisbókhald, rúmlega 30% áttu í erfiðleikum með munnlega tjáningu, 23% áttu við erfiðleika í samskiptum við hið opinbera og rúmlega 16% við aðra erfiðleika. Einnig kom fram að meirihluti þátttakenda eða rúmlega 60% forðuðust bæði að lesa og skrifa (Marjatta Ísberg, 2002). Einstaklingar með leshömlun geta náð að aðlaga sig að aðstæðum sínum og erfiðleikum. Bestur árangur næst ef einstaklingar takast á við áframhaldandi nám svo sem framhaldsnám og geta með þjálfun, vinnu, aga og stuðningi náð ágætum tókum á þeim þáttum sem þau eiga erfiðast með. Komið hefur fram í bandarískri rannsókn að unglingar með sértæka námsörðugleika eru í aukinni hættu á áhættuhegðun en þá átti það einungis við þá aðila sem flosnuðu upp úr skóla. Þannig má telja mikilvægt að hvetja þessa einstaklinga til að fara í framhaldsnám að loknum grunnskóla. Í þessu samhengi er mikilvægt að greining fari fram snemma og viðeigandi stuðningur og skilningur sé til staðar. Þetta getur byggt upp sjálfstraust og bætt líðan einstaklinga með sértæka námsörðugleika (Jónas G. Halldórsson, 2000).

4 Stuðningur við börn með leshömlun

Þrátt fyrir mikla lestrarörðugleika hafa margir náð góðum árangri í lífinu og er að finna leshamlaða einstaklinga á öllum stigum þjóðfélagsins. Til þess að stuðla að jákvæðum viðhorfum til leshömlunar hafa oft verið nefndir frægir einstaklingar sem hefur vegnað vel þrátt fyrir að eiga við leshömlun að stríða. Þó getur þetta einnig haft öfug áhrif og fyllt fólk vanmætti þar sem að þeir sem vilja ná langt og eru með leshömlun þurfa að leggja meira á sig og þurfa að hafa til að bera sterkan vilja og þrautseigju (Halla Magnúsdóttir, 2010). Leshömlun má aldrei vera afsökun einstaklings við að leggja sig ekki fram (Elín Vilhelmsdóttir, 2007). Mikilvægt er að einstaklingar einbeiti sér að eigin styrkleikum og er í því sambandi mikilvægt að einstaklingar fái góðan skilning, stuðning og hvatningu bæði í skólanum og heima (Halla Magnúsdóttir, 2010).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að bæði tilfinningalegur- og námslegur stuðningur við börn með sértæka námsörðugleika sem og skilningur þeirra á eigin námsörðugleikum getur dregið úr slæmum afleiðingum örðugleikanna. Í rannsókn Singer er bent á nokkur atriði sem stuðningsaðilar leshamlaðra einstaklinga þurfa að hafa í huga. Í fyrsta lagi eru foreldrar mikilvægasta auðlind þessara barna og er samstarf heimilis og skóla áriðandi. Í öðru lagi þegar tekið er á hegðunarerfiðleikum barna skal hafa í huga að hegðun þeirra getur haft ákveðinn tilgang svo sem til að vera félagslega samþykktur í jafningjahóp. Í þriðja lagi þarf að hafa í huga að ekki er alltaf hægt að yfirfæra niðurstöður rannsókna og fyrri reynslu af börnum með námsörðugleika yfir á einstök börn þar sem hvert barn er einstakt og þarf einstaklingsbundnar lausnir. Hafa skal í huga að börn eru fullfær um að tjá sig um eigin leshömlun (Singer, 2005).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að því oftast sem einstaklingar ná góðum árangri því meira verður þol og þrautseigja þeirra gagnvart einstökum mistökum en aftur á móti þá geta endurtekin mistök haft alvarlegar afleiðingar fyrir sjálfstraustið. Vegna þessa er mikilvægt að finna styrkleika barnsins og það viðfangsefni sem viðkomandi getur náð góðum árangri í og haft áhuga á. Huga þarf að því að gera ekki minni væntingar til einstaklinga með leshömlun heldur frekar endurskilgreina væntingarnar (Halla Magnúsdóttir, 2010). Hægt er að draga úr vonleysistilfinningu einstaklinga með því að einblína frekar á einstaklingsmarkmið þeirra varðandi nám heldur en á einkunnir og breyta viðhorfi barnsins til einkunna svo þau geti séð bæði góðan og slæman árangur sem jákvæðan hlut (Martínez og Semrud-Clikeman, 2004). Oft beinist athygli stuðningsaðila einstaklinga með leshömlun að því sem er sýnilegt og þeir ráða ekki við, svo sem hægum lestri og þannig gleymast oft mikilvæg atriði eins og lágt sjálfsmat og kvíði. Þar sem viðkvæm sjálfsmynd er oft fylgifiskur leshömlunar er mikilvægt að byggja upp sjálfsmat einstaklingsins. Einnig þurfa einstaklingar með leshömlun að læra að sætta sig við leshömlun sína og átta sig á að engin skömm fylgir þessari röskun og þeim úrræðum sem þeir þurfa, eins og að engin skömm er að því að sjá illa og þurfa gleraugu. Huga þarf að því að gera viðeigandi kröfur og að bæði hrós og gagnrýni sé byggð upp af hvatningu, skilningi, jákvæðni og stuðningi (Elín Vilhelmsdóttir, 2007). Í íslenskri rannsókn kom fram að um helmingur þátttakenda sögðust oft fela hömlun sína fyrir ókunnugum og tæplega 30% þátttakenda fannst fjölskylda þeirra líta á leshömlunina sem feimnismál (Marjatta Ísberg, 2002).

4.1 Fjölskyldan

Einstaklingar með leshömlun þurfa sterkt stuðningsnet og fjölskyldan er þar mikilvægust. Svo virðist sem foreldrar barna með leshömlun sem og aðra námsörðugleika upplifi frekar streitu sem getur haft mikil áhrif á barnið til dæmis getur streita foreldra minnkað samheldni fjölskyldunnar og aukið líkur á vanlíðan hjá börnum. Rannsakendur hafa bent á mikilvæg atriði fyrir foreldra til að þeir nái að sætta sig við aðstæður svo sem að viðhalda stöðugleika og samheldni fjölskyldunnar (Antshel og Joseph, 2006).

Börn með leshömlun koma oft heim með meira heimanám og þurfa meiri stuðning við það en aðrir. Þetta getur valdið talsverðu álagi inni á heimilum og kemur oft niður á gæðastundum foreldra og barna (Halla Magnúsdóttir, 2010). Þetta álag á heimilið getur haft áhrif á systkini barnsins þar sem leshamlaða barnið tekur mikinn tíma og orku frá foreldrum þeirra (Elín Vilhelmsdóttir, 2007). Færni foreldra og misjafnar aðstæður þeirra til að aðstoða börn sín við heimanámið hafa áhrif á hvernig börnum gengur við námið. Aukið getur á álag foreldra fá þeir ekki nægan stuðning frá skólum og þurfa að afla sér þekkingar og ráðgjafar sjálfir. Í rannsókn Höllu Magnúsdóttur kemur fram að þó skólarnir hafi verið allir af vilja gerðir, virtist sem að foreldrar þyrftu að þreifa sig áfram þegar greining um leshömlun kom fram, það er að leita sjálfir að úrræðum, hjálpartækjum og fræðslu um leshömlun (Halla Magnúsdóttir, 2010).

Áhrif sértækra námsörðugleika á fjölskyldu getur verið mismunandi eftir persónuleika barns og viðhorfi foreldra og systkina. Þrátt fyrir að systkini barna með sértæka námsörðugleika fái oft minni athygli frá foreldrum virðast þau oft sýna systkinum sínum þolinmæði og skilning (Raskind og Margalit, e.d.). Rannsóknir hafa sýnt fram á að í flestum tilfellum öðlast systkini ákveðinn skilning á leshömlun systkina sinna og á þeim erfiðleikum sem henni fylgir og verða með tímanum þolinmóðari og síður gagnrýnin gagnvart systkinum sínum (Kurnoff, e.d.). Rannsóknir hafa jafnvel sýnt að sumar fjölskyldur upplifa jákvæð áhrif vegna sértækra námsörðugleika barna og svo virðist sem þeir geti styrkt fjölskylduna sem heild og aukið virðingu fyrir einstaklingsbundnum breytileika innan hennar (Raskind og Margalit, e.d.).

Rannsókn á 27 systkinum einstaklinga með leshömlun, sem ekki stríddu við þennan örðugleika sjálf, leiddi í ljós að munur var á upplifun þeirra sem fór meðal annars eftir systkinaröð, aldri, kyni og viðhorfi foreldra til leshömlunar. Í þessari rannsókn kom í ljós að talsverður munur var á viðhorfi og hlutverki systkina einstaklinga með leshömlun eftir

systkinaröð. Eldra systkini barns með leshömlun var frekar verndandi aðili og skipti sér af heimanámi og vanda fjölskyldunnar sem tengdust leshömluninni. Það virtist frekar trufla eldri systkini að systkini þeirra með leshömlun stæðu ekki undir kröfum þeirra, og í stað þess að líta á breytileika systkina sinna áttu þau erfitt með að átta sig á hvers vegna systkini þeirra féllu ekki undir það sem þau telja venjulegt. Þegar um yngra systkini einstaklings með leshömlun var að ræða hafði það minni áhyggjur af námi þess og hrósaði því í meira mæli. Yngri systkini litu einnig í auknum mæli á breytileika systkini síns og það væri hvorki verra né betra en aðrir. Andrúmsloft inni á heimili einstaklinga með leshömlun virtist skipta talsverðu máli. Þar sem ríkti rólegheit, reglusemi og rútína var viðhorf fjölskyldunnar gagnvart leshömluninni jákvæðari. Á þeim heimilum þar sem ekki var búið að kortleggja veikleika og styrkleika einstaklings með leshömlun og óregla ríkti var systkini barns með leshömlun oft áhyggjufyllra (Kurnoff, e.d.). Jodie Dawson sálfræðingur telur að leggja þurfi áherslu á að ekki einungis foreldrar fái fræðslu um leshömlun barna sinna heldur einnig barnið sjálft, systkini þess og aðrir meðlimir fjölskyldunnar. Einnig þurfa systkinin að geta rætt opinskátt um tilfinningar sínar og áhyggjur svo hægt sé að leysa úr mögulegum tilfinningavanda þeirra (Dawson, 2008).

Margir þættir geta valdið streitu hjá fjölskyldu barns með námsörðugleika svo sem skortur á faglegri ráðgjöf, stuðningi fagfólks og hjálpartækjum fyrir barnið. Viðeigandi stuðningur og fræðsla til foreldra getur dregið úr streitu og gert þeim kleift að styðja barn sitt á betri hátt. Foreldrar þurfa að styðja börn sín bæði innan skólans og utan og getur heimanám vegið þungt og verið tímafrekt á heimilum barna með leshömlun. Því má ætla að mikilvægt sé að foreldrar barna með leshömlun hafa aðgengi að stuðningi fagmanna og að upplýsingum, þjónustu og ráðgjöf (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Ýmis réttindi er til staðar í samfélaginu til aðstoðar fjölskyldu barna með sértæka námsörðugleika. Grunnskólar veita viðamikla aðstoð fyrir börn með námsörðugleika og felst ábyrgð skólastjóra meðal annars í að meta sérþarfir, stuðning og skipulag þess meðal annars í samráði við foreldra. Foreldrar geta sent beiðni um aukinn stuðning til grunnskóla barns síns ef þau telja þörf á því. Skólastjóri hefur mikið vald varðandi stuðning við nemenda en ákvarðanir hans eru kærnanlegar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010). Grunnskólum landsins er skylt að skipa nemendaverndarráð sem er þverfaglegt teymi innan skólanna sem sjá um mál einstakra nemenda eða nemendahópa. Ef talið er að nemandi fái ekki viðeigandi þjónustu vegna

erfiðleika sinna má vísa því til nemendaverndarráðs. Umsjónarkennari getur vísað málum beint þangað en beiðni foreldra fer í gegnum skólastjórnann. Ef foreldrar telja að barn þeirra þurfi sérstaka aðstoð er reynt að leysa það innan skólans og leitað til sérfræðiþjónustu sveitarfélaga eða annarra sérfræðinga. Sérfræðiþjónusta sveitarfélaganna á að gera tillögur að úrræðum eftir greiningu barns sem getur falist í fræðslu, ráðgjöf og stuðningi meðal annars við nemendur og foreldra þeirra (Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010). Sveitarfélögum er skylt að tryggja sérfræðiþjónustu fyrir grunnskóla sem veitir bæði nemendum og fjölskyldum þeirra stuðning (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Foreldrar geta einnig leitað til félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt 12. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 á sveitarfélag að veita aðstoð og þjónustu við íbúa sína svo draga megi úr vanda þeirra og koma í veg fyrir að hann stigmagnist. Samkvæmt 16. grein sömu laga eiga sveitarfélög að bjóða upp á félagslega ráðgjöf sem felst í upplýsingum og leiðbeiningum um félagsleg réttindi einstaklinga en einnig að veita félagslegan- og persónulegan stuðning. Félagsleg ráðgjöf skal vera veitt í samstarfi við viðeigandi aðila svo sem skóla samkvæmt 17. grein sömu laga. Einnig geta foreldrar leitað til Sjónarhóls sem veita foreldrum barna með sérþarfir stuðning, faglega- og óháða ráðgjöf (Sjónarhóll, e.d.-c).

4.2 Grunnskólinn

Skólaskylda allra barna er frá 6 til 16 ára samkvæmt 3. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008. Nemendur eiga rétt á stuðningi og að komið sé til móts við þá og þeirra þarfir í námi samkvæmt 17. grein sömu laga. Samkvæmt 40. grein laga um grunnskóla á skimun að fara fram sem ákveðin forvörn sem athugar stöðu nemenda og tryggir þeim þá kennslu og aðstoð sem þeir þurfa en einnig fari fram greining á þeim nemendum sem taldir eru eiga við örðugleika að stríða. Beiðni um greiningu fer til sérfræðiþjónustu innan sveitarfélaga sem bæði annast hana og kemur með tillögur um úrræði og eftirfylgni.

Samkvæmt 6. grein reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 er það á ábyrgð skólastjóra að meta hvort nemendur við skólann þurfi á auknum stuðningi að halda við nám. Einnig ber skólastjóri ábyrgð á samkvæmt sömu reglugerð að mat á sérþörfum, þörf á stuðningi og skipulagning þessa sé unnin í samráði við foreldra, kennara og aðra viðeigandi fagaðila. Samkvæmt 7. grein reglugerðarinnar geta foreldrar komið með beiðni um aukinn stuðning fyrir börn sín til skólans en hver skóli setur sér reglur varðandi

þau mál, svo sem um skráningu og varðveislu beiðna, verklag, samstarf og hraða málsins. Ákvarðanir skólastjóra eru kæranlegar til mennta- og menningamálaráðuneytis samkvæmt 22. grein reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Samkvæmt 16. grein reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 skal skólastjóri mynda nemendaverndarráð með því að kalla saman fólk sem sjá um mál einstakra nemenda eða nemendahópa innan skólans einnig þeim sem koma að sérfræðipjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Umsjónarkennari skal vísa málum nemenda til nemendaverndarráðs samkvæmt 19. grein sömu reglugerðar ef nemandi fær ekki fullnægjandi aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða vegna námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika. Einnig getur starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans óskað eftir við skólastjóra að málum einstakra nemenda eða nemendahópa sé vísað til nemendaverndarráðs. Samkvæmt 14. grein þessarar reglugerðar kemur fram að ef skólastjóri eða foreldrar telja að barn þurfi á sérstakri aðstoð eða þjálfun að halda sé reynt að leysa það innan skólans, leitað til sérfræðipjónustu sveitarfélaga eða annarra sérfræðinga.

Í grunnskólum í Reykjavík fara úrræði fyrir börn með leshömlun og notkun þeirra nokkuð eftir aldri nemenda en þau felast meðal annars í stuðningi við próftöku, hljóðbókum, aðstoð stuðningsfulltrúa og aðlögun námsefnis. Í skýrslu sem kom út 2008 á vegum Reykjavíkurborgar kom fram að af 35 grunnskólum í Reykjavík var starfandi kennari sem hafði sérþekkingu á leshömlun í 28 skólum, 4 skólar höfðu aðgang að slíkri þekkingu en 3 skólar sögðust ekki hafa þess konar aðgang. Úrræði grunnskóla í Reykjavík fyrir nemendur með leshömlun felast einna helst í þjálfun hljóðkerfisvitundar og ýmsu öðru er varðar lestur á yngsta- og miðstigi en á unglingsstigi einkennist aðstoðin einnig af íslenskukennslu, skönnuðu námsefni, hraðlestrarnámskeiðum, hljóðbókum og dæmi eru um sjálfstyrkingarhópa. Svo virðist sem hljóðbækur séu helsta hjálpartæki nemenda með leshömlun og hefur Námsgagnastofnun gefið út hljóðbækur með öllu námsefni grunnskóla (Hrund Logadóttir o.fl., 2008). Í rannsókn Höllu Magnúsdóttur kom þó fram að svo virtist sem þær leiðir sem skólar, sem tóku þátt í hennar rannsókn, notuðu til að styrkja sjálfsmynd, efla sjálfstraust og auka jákvæðni gagnvart námi hjá nemendum með leshömlun, væru að bjóða upp á verklegar eða óhefðbundnar námsgreinar. Hún taldi að minni metnaður væri fyrir því

að gera bóknám og þekkingu aðgengilegri sem gerði það að verkum að val þessara nemenda væri í raun takmarkað. Einnig virtust hjálpartæki vera takmörkuð og skólarnir nýttu ekki þau hjálpartæki sem jafnvel væru til staðar (Halla Magnúsdóttir, 2010).

Þrátt fyrir að ýmis úrræði og kennsluaðferðir geti hjálpað einstaklingum með leshömlun þá er þetta viðvarandi röskun sem hefur áhrif á einstaklinginn alla ævi. Skilningur á aðstæðum einstaklinga með leshömlun getur verið mun mikilvægari en nokkur aukakennsla því leshömlun hefur áhrif á fleiri þætti í lífi einstaklinga en er varðar lestur (Halla Magnúsdóttir, 2010).

4.3 Ábyrgð sveitarfélaga

Rekstur grunnskóla er bæði á ábyrgð og kostnað sveitarfélaganna og bera þau ábyrgð á þróun, húsnæði, búnaði, sérúrræðum, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti grunnskólanna samkvæmt 5. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um stefnumótun og hefur umsjón með framkvæmd hennar í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins. Ráðuneytið annast einnig námskrágerð, þróun nýjunga í skólastarfi og útgáfu námsgagna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.). Samkvæmt 40. grein laga um grunnskóla eiga sveitarfélög að tryggja sérfræðipjónustu í grunnskólum sem veitir stuðning við bæði nemendur og fjölskyldur þeirra og við starfsemi og starfsfólk grunnskóla. Starfsfólk innan sérfræðipjónustunnar skal hafa sérfræðimenntun á sviði kennslu-, uppeldis- eða félagsmála samkvæmt 8. grein reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Sérfræðipjónustan sinnir meðal annars forvarnarstarfi svo sem með fræðslu og sér til þess að nemendur fái stuðning vegna líkamlegs-, sálræns- eða félagslegs vanda nemenda samkvæmt 10. grein sömu reglugerðar. Einnig kemur þar fram að starfsfólk skóla eigi að meta hvort einstaklingar með námsörðugleika séu meðal nemenda og bregðast við því á kerfisbundinn hátt. Einnig skal skólastjóri óska eftir sérfræðiaðstoð þegar um er að ræða greiningu á barni og við að veita úrræði. Samkvæmt 12. grein reglugerðarinnar kemur fram að þegar greining liggur fyrir gerir sérfræðipjónusta sveitarfélaga í samráði við starfsfólk skóla tillögu að úrræðum sem geta falist í fræðslu, ráðgjöf og stuðningi til nemenda, foreldra og kennara en einnig sinnir sérfræðipjónustan eftirfylgd. Í Reykjavík er slík sérfræðipjónusta innan hvernar þjónustumiðstöðvar sem er þverfaglegt teymi sem sinnir málefnum leik- og grunnskóla innan hvers hverfis. Þegar skoðuð er sérfræðipjónusta innan allra þjónustumiðstöðva Reykjavíkur

kemur í ljós að í flestum tilvikum voru það félagsráðgjafar, frístundaráðgjafar, kennsluráðgjafar og sálfræðingar sem sinntu málefnum grunnskólanna. Frístundaráðgjafi sinnir málefnum svo sem forvarna- og geðræktarverkefnum. Kennsluráðgjafi sinnir eftirfylgd, ráðgjöf og stuðningi fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla. Sálfræðingar sinna greiningu barna, eftirfylgd þeirra og ráðgjöf til starfsfólks skólans og foreldra og félagsráðgjafar sinna ráðgjöf til foreldra og barna í samstarfi við barnavernd, skóla og ýmsar stofnanir (Reykjavíkurborg, e.d.-b). Sérfræðipjónusta sveitarfélaga er þó mismunandi eftir sveitarfélögum. Ef skoðuð er sérfræðipjónusta innan Kópavogsbæjar er sagt að kennsluráðgjafi starfi við að veita starfsfólki, nemendum og foreldrum ráðgjöf og stuðning. Bent er á að innan skólanna starfi einnig sálfræðingar, námsráðgjafar og iðjubjálfi sem annast greiningu og ráðgjöf hver á sínu sérsviði (Kópavogsbær, e.d.).

Félagsþjónusta sveitarfélaga hefur einnig sína ábyrgð varðandi sértæka námsörðugleika. Markmið laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 felst í að bæta hag þeirra sem minna mega sín og að beita inngripi til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál. Sveitarfélög eiga að bjóða upp á félagslega ráðgjöf fyrir íbúa og skal hún felast í að veita leiðsögn og upplýsingar um félagsleg réttindi en einnig að vera félagslegur- og persónulegur stuðningur samkvæmt 16. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Einnig skal félagsleg ráðgjöf veitt í tengslum við aðra aðstoð og í samvinnu við viðkomandi aðila svo sem skóla samkvæmt 17. grein sömu laga.

4.4 Sjónarhóll

Í ársskýrslu Sjónarhóls 2003-2004 er tekið fram að aðstandendur barna með sérþarfir eyði töluverðum tíma í að leita eftir þjónustu og ráðgjöf. Flókið getur verið að finna leiðir innan velferðarkerfisins og er foreldrum oft vísað á milli miðstöðva og stofnana í því ferli. Vantað hefur stað sem hægt er að leita til og getur vísað veginn, upplýst og svarað þeim spurningum sem brenna á foreldrum barna með sérþarfir. ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja stuðningsfélag langveikra barna ákváðu að stofna til sameiginlegrar ráðgjafamiðstöðvar sem myndi aðstoða foreldra barna með sérþarfir að rata í kerfinu. Þessi samtök töldu að samvinna þeirra myndi auka afköst, samnýta þekkingu og auðvelda foreldrum að vita hvert ætti að leita eftir aðstoð. Valið var nafnið Sjónarhóll fyrir þessa ráðgjafarmiðstöð sem var formlega stofnuð í júní 2003 og tók til starfa í ágúst 2004 (Sjónarhóll, 2005).

Sjónarhóll er stuðningsaðili fjölskyldna barna með sérþarfir og veitir faglega og óháða ráðgjöf (Sjónarhóll, e.d.-c). Sérþarfir barna í málum sem koma á borð Sjónarhóls eru afar fjölbreyttar og af 461 nýju máli frá 2004 til 2006 voru 167 mál þar sem einstaklingur var með tvær eða fleiri greiningar. Af þeim málum leituðu flestir til Sjónarhóls vegna ADHD eða skyldra raskana eða alls 181 einstaklingur en aðeins 15 vegna sértækra námsörðugleika. Alls voru 25 mál þar sem engin greining var að baki sem sýnir hversu aðgengileg þjónusta Sjónarhóls er (Sjónarhóll, 2007). Af 619 einstaklingum sem leituðu til Sjónarhóls frá 2010 til 2011 voru alls 52% með tvær eða fleiri greiningar. Líkt og fyrri ár voru foreldrar barna með ADHD og skyldar raskanir stærsti hópurinn sem leitaði til miðstöðvarinnar, þá var fjöldi þeirra í kringum 130 til 150. Talsverð fjölgun hefur þá orðið á þeim foreldrum barna með sértæka námsörðugleika sem leita til Sjónarhóls og á árunum 2010 til 2011 var það þriðji fjölmennasti hópurinn eða kringum 40 og 60 einstaklingar (Sjónarhóll, 2012). Þessi röðun greininga endurspeglar einnig í þjónustukönnun Capacent gallup þar sem algengasta greiningin var ADHD eða um 61% og voru námsörðugleikar þriðja algengust eða tæplega 26% (Capacent gallup, 2012).

Stefna Sjónarhóls er að styðja við aðstandendur á þeirra forsendum þó með hagsmuni barna að leiðarljósi og eru samstarfsaðilar hins opinbera. Einnig er Sjónarhóll þekkingarmiðstöð varðandi þjónustu við börn með sérþarfir (Sjónarhóll, e.d.-b). Markmið ráðgjafa Sjónarhóls felst í að foreldrar barna með sérþarfir búi við jafnan rétt á við aðra foreldra og eins eðlilegt líf og hægt er. Sjónarhóll veitir ýmsa þjónustu við foreldra sem hafa áhyggjur af velferð barna sinna, eru ósátt við þjónustu sem þau fá, fá ekki áheyrn í kerfinu og/eða fá ekki lögbundna þjónustu. Þjónustan felur í sér ráðgjöf og leiðsögn í kerfinu, þjónustan er aðgengileg, ókeypis og óháð stofnunum. Ráðgjafar þar hafa yfirsýn yfir þjónustu á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Áhersla er lögð á að kynna foreldrum réttindi sín og aðstoða við aðgang að úrræðum og þjónustu. Sjónarhóll fylgir málum eftir, stuðlar að upplýsingum og aukinni þekkingu foreldra í samfélaginu og þróun úrræða í samvinnu við stofnanir og félög (Sjónarhóll, e.d.-a). Samkvæmt þjónustukönnun Capacent gallup virðist miðstöðinni takast ágætlega til í þjónustu sinni. Þátttakendur voru spurðir um árangur þjónustu Sjónarhóls og voru það tæplega 68% sem töldu þjónustuna hafa skilað miklum árangri og 10% töldu hana hafa skilað litlum árangri (Capacent gallup, 2012). Þegar lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna nr. 40/1991 eru skoðuð virðist félagsleg ráðgjöf innan félagsþjónustunnar eigi samkvæmt lögum að veita þessa þjónustu sem Sjónarhóll veitir. Þar

kemur fram í V. kafla um félagslega ráðgjöf að markmið hennar sé að veita upplýsingar og leiðbeina varðandi félagsleg réttindamál en einnig að styðja einstaklinga við félagslegan- og persónulegan vanda.

Á vefsíðu ADHD samtakanna kemur fram að margra ára draumur um faglega og óháða ráðgjöf hafi ræst við stofnun Sjónarhóls, fyrir foreldra barna með sérþarfir. Í Sjónarhóli er hægt að finna umfangsmikla þekkingu á einum stað sem var dreifð á mismunandi staði áður (ADHD samtökin, e.d.-b). Þörfin fyrir ráðgjafamiðstöðina Sjónarhól má skoða út frá fjölda aðila sem hafa leitað til miðstöðvarinnar og strax í nóvember og desember 2004 voru 29 fjölskyldur vegna 31 barns sem leituðu til Sjónarhóls (Sjónarhóll, 2005). Fjöldi skjólstæðinga Sjónarhóls hefur aukist jafnt og þétt frá stofnun til ársins 2011 en þá voru 332 einstaklingar sem leituðu þangað (Sjónarhóll, 2012). Þörfina má einnig sjá út frá þjónustukönnun sem Capacent gallup gerði fyrir Sjónarhól þar sem rúmlega 99% þátttakenda töldu vera þörf á þjónustu eins og Sjónarhóll veitir (Capacent gallup, 2012). Af þeim 619 einstaklingum sem leituðu til Sjónarhóls á árunum 2010 til 2011 voru 381 eða 61,5% sem áttu tvö eða fleiri erindi við miðstöðina. Eins og frá upphafi voru flest erindin tengd skólamálum, næst vegna stuðningsúrræða og þriðji fjölmennasti hópurinn höfðu erindi sem tengdust fjölskyldu og heimili (Sjónarhóll, 2012). Í þjónustukönnun Capacent gallup fólust flest erindi þátttakenda eða 62% í skólamálum, 55% vegna stuðningsúrræða, tæplega 29% vegna erfiðleika í félagslegum samskiptum og 26% vegna fjölskyldu og heimilis (Capacent gallup, 2012).

5 Hlutverk félagsráðgjafa

Markmið félagsráðgjafar er að vinna lausnamiðað að félagslegum og persónulegum vandamálum en einnig að vinna gegn félagslegu ranglæti. Ein af frumskyldum félagsráðgjafa er að upplýsa um réttindi, skyldur, úrræði og möguleika til aðstoðar (Embætti landlæknis, e.d.). Allt frá upphafi hafa félagsráðgjafar byggt greiningu sína og mat á þörf fyrir þjónustu og stuðning á einstaklingnum sjálfum, tengslum og félagslegu umhverfi hans í því skyni að aðstoða hann við að hjálpa sér sjálfum. Þetta kom fyrst fram 1918 í bók eftir Mary Richmond sem er einn aðalfrumkvöðull félagsráðgjafarfagsins. Hún lagði áherslu á að félagsleg meðferð byggði á vinnu innra með einstaklingum sem og félagslegu umhverfi hans. Mikil hefð hefur skapast um fjölskyldumiðaða félagsráðgjöf þegar unnið er að vanda einstaklinga og fjölskyldna þeirra er varðar geðræn vandkvæði hjá börnum. En þetta er mjög lýsandi fyrir

félagsráðgjöfina þar sem hugmyndafræði hennar byggir einna helst á heildarsýn og vandi einstaklingsins er þá í samhengi við umhverfi hans. Fjölskylduvinna felst í að skoða mál barna út frá allri fjölskyldunni (Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Hlutverk fjölskylduráðgjafa er vítt en felst í fræðslu, ráðgjöf og meðferð. Þá fær fjölskyldan aðgang að nýrri þekkingu og aðstoð við að nýta sér hana. Nálágast þarf vanda fjölskyldunnar með heildarsýn og horfa á alla álagsþætti sem hafa áhrif á hana (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Innan félagsþjónustu sveitarfélaga starfa félagsráðgjafar en hlutverk þeirra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 felst í leiðsögn og veita upplýsingar um félagsleg réttindi, auk þess að veita félagslegan- og persónulegan stuðning sem veitt er í samvinnu við viðkomandi aðila svo sem skóla, samkvæmt 16. og 17. grein sömu laga. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er félagslegri ráðgjöf lýst sem einstaklingsmiðaðri þjónustu sem upplýsir um þjónustu innan sem utan þjónustumiðstöðva og aðstoðar við að finna einstaklingsmiðuð úrræði. Félagsleg ráðgjöf tekur meðal annars til ráðgjafa vegna barna- og ungmenna og fjölskylduvanda (Reykjavíkurborg, e.d.-a). Sveitarfélögin sinna sérfræðiþjónustu fyrir grunnskóla samkvæmt 8. grein reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Hún sér um fræðslu og stuðning vegna líkamlegs-, sálræns- eða félagslegs vanda nemenda samkvæmt 10. grein sömu reglugerðar. Sérfræðiþjónustan sér einnig um greiningu barna og gerð tillögu að úrræðum svo sem fræðslu og ráðgjöf til nemenda, foreldra og kennara samkvæmt sömu reglugerð. Hvaða sérfræðingar eru innan þessarar sérfræðiþjónustu sveitarfélags fer mjög eftir sveitarfélögum en í Reykjavík er félagsráðgjafi einn af þeim, þó ekki innan allra þjónustumiðstöðva. Hlutverk þess félagsráðgjafa er að sinna ráðgjöf til foreldra í samstarfi við ýmsar stofnanir svo sem skóla (Reykjavíkurborg, e.d.-b).

Þar sem sértækir námserfiðleikar hafa víðtæk áhrif á líf einstaklinga er þverfagleg nálgun fagmanna vænleg. Engin ein fagstétt hefur einkarétt á málefnum nemenda með sértæka námsörðugleika og er þverfaglegt samstarf talið nauðsynlegt fyrir bæði nemendur og fjölskyldur þeirra (Jónas G. Halldórsson, 2000). Félagsráðgjafar vinna út frá heildarsýn og líta á mál í víðu samhengi í tengslum við kerfi samfélagsins svo sem fjölskyldu og stofnanir. Einn mikilvægasti uppeldisaðili barna fyrir utan fjölskylduna er skólinn og er mikilvægt að velferð nemenda sé gætt út frá heildarsýn með samstarfi við viðeigandi aðila svo sem fjölskyldu, nemendur og starfsfólk skóla (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Oft er talið árangursríkast að fjölbreytt ráðgjafarþjónusta sé veitt innan skólanna sem eykur aðgengi fyrir nemendur, fjölskyldur og starfsfólk skólans. Mikilvægt er að þeir aðilar sem vinna að ráðgjafarþjónustu hafi gott samstarf sín á milli en einnig við aðrar stofnanir samfélagsins svo sem við heilsugæslu, félagsmálastofnanir og skólaþjónustu innan sveitarfélagsins. Með skilvirkri samvinnu milli stofnana er hægt að nálgast mál heildrænt í kerfinu. Gott væri að hver skóli hafi aðgang að hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, námsráðgjafa, sérkennara og sálfræðingi í þverfaglegu teymi. Telja má líklegt til árangurs að hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi tækju við málum og greindu vanda og myndu vísa til viðeigandi aðila eða sjálfir sinna málum sem viðkemur þeirra sviði. Mikilvægt væri að teymið væri aðgengilegt og milliliðalaust í nærsamfélagi nemenda. Aukin félagsráðgjöf og sálfræðiráðgjöf innan skólanna í samstarfi við starfsfólk skóla og fjölskyldur gætu myndað net utan um nemendur sem getur haft góð áhrif á velferð þeirra, þroska og skólagöngu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

5.1 Félagsráðgjöf á fræðslu- og skólasviði

Félagsráðgjafar innan skólakerfisins veita handleiðslu svo sem til starfsfólks skóla, ráðgjöf og meðferð. Félagsráðgjafar hafa grunn svo sem í að greina vanda, finna lausnir og vinna að forvörnum (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Guðrún Helga Sederholm sem er bæði menntaður félagsráðgjafi og námsráðgjafi var ráðin sem námsráðgjafi við Menntaskólann við Sund árið 1991 þar sem ekki var til staða félagsráðgjafa við skólann. Þó Guðrún Helga sé menntaður námsráðgjafi þá taldi hún sig fyrst og fremst félagsráðgjafa og notaðist við aðferðir félagsráðgjafar við starf sitt með heildarsýn að leiðarljósi. Þó nemendur hafi komið til hennar vegna námsvanda þá veitti hún þeim einnig ráðgjöf vegna persónulegra málefna sem gætu orsakað námsvanda þeirra. Í starfi sínu tók Guðrún Helga eftir fjölda nemenda með leshömlun og stóð hún og fjöldi annarra aðila fyrir því að stofnuð var lestrarmiðstöð sem bauð upp á heildstæð úrræði fyrir þessa einstaklinga. Lestrarmiðstöðin starfaði með jöfnuð til náms að leiðarljósi en fyrir þann tíma gátu aðeins þeir sem höfðu efni á, sent börn sín í greiningar á námsörðugleikum þar sem á þessum árum, það er 1991 til 1992, var leshömlun lítið þekkt innan menntaskóla. Guðrún Helga vann sjálf markvisst að því að kynna leshömlun fyrir kennurum og tókst að sannfæra stjórnendur skólans um að nemendur með leshömlun þyrftu sérstaka þjónustu. Þetta varð til þess að nemendur með leshömlun fengu lengri próftíma, að vera í sér stofu og að námsefni var lesið inn á snældur. Vinna hennar í þessum

málefnum spurðist út og hafði fjöldinn allur af skólum samband við hana og vildu þróa aðstoð við þessa nemendur. Guðrún Helga starfaði við Menntaskólann við Sund frá 1991 til 2000 (Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, 2009).

Árið 2006 kynntu Guðrún Helga Sederholm, Valgerður Halldórsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir mikilvægi þess að félagsráðgjafar væru ráðnir til skóla landsins jafnt og námsráðgjafar og skólahjúkrunarfræðingar þar sem oft þarf að vinna í persónulegum vanda nemenda á þann hátt sem er fyrir utan sérsvið námsráðgjafa. Árið 2008-2009 var í fyrsta sinn boðið upp á diplómanám í skólafélagsráðgjöf við Háskóla Íslands sem gefur félagsráðgjöfum með starfsréttindi tækifæri til að fá sérfræðiréttindi í félagsráðgjöf í skólum og mæta þeirri þörf sem er til staðar í skólakerfinu fyrir sérfræðipækkingu félagsráðgjafa innan þess. Árið 2009 var talið að um 20 félagsráðgjafar væru starfandi í skólum landsins en þá ráðnir sem náms- og starfsráðgjafar. Þörf er á að aðgreina þessi tvö starfssvið innan skólakerfisins og að félagsráðgjafar séu ráðnir til skólanna á þeirra forsendum (Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, 2009). Í umsögn fagdeildar félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði varðandi frumvörp laga leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2008 er tekið fram að félagsráðgjafar væru oft ráðnir í stöðu námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum landsins en þá njóta þeir ekki lögverndar starfs síns. Gefin eru út sérfræðileyfi fræðslu- og skólafélagsráðgjafa af heilbrigðisráðuneytinu en innan skólakerfisins er engin staða merkt þessum aðilum. Bent er á mikilvægi þess að þjónusta við nemendur í skólum landsins myndi aukast og að velferð nemenda sé ekki tryggð nema um sérhæfðara starfslíð sé að ræða sem njóti réttinda sinna. Vilji er fyrir því að félagsráðgjafar séu nefndir sérstaklega sem ein af sérfræðipjónustu í skólum sem er þó ekki gert í lögum. Félagsráðgjafar byggja á mikilli reynslu innan skólakerfisins varðandi þætti svo sem greiningu persónulegra erfiðleika, mótun úrræða, samstarfi við foreldra, fjölmenningu, meðferð barnaverndarmála og handleiðslu til starfsfólk skólans og fleira (Guðrún H. Sederholm, 2008).

Í starfslýsingu félagsráðgjafa í skólum samkvæmt Félagsráðgjafafélagi Íslands kemur fram að með heildarsýn að leiðarljósi horfi þeir á félagslegar-, tilfinningalegar- og námslegar aðstæður nemenda. Félagsráðgjafi er talsmaður nemenda sem einbeitir sér að velferð og líðan þeirra, aðstoðar þá við að greina styrkleika sína og leggja áherslu á að aðstoða nemendur við að mæta hindrunum og draga úr mögulegum afleiðingum þeirra. Helstu verkefni félagsráðgjafa í skólakerfinu eru persónuleg ráðgjöf, skólaráðgjöf, forvarnir, þverfagleg samvinna, mótun og þróun úrræða og að veita bæði starfsmönnum skóla og

foreldrum ráðgjöf varðandi ýmis mál nemenda. Í persónulegri ráðgjöf felst að veita nemendum ráðgjöf sem eiga við félagsleg-, námsleg- og/eða tilfinningaleg vandamál að stríða svo sem kvíða, hegðunarvanda og brotna sjálfsmynd. Einnig að veita nemendum ráðgjöf sem eiga við námstengdan vanda að stríða, eru í hættu á brottfalli úr skóla eða þá sem glíma við sértæka námsörðugleika. Félagsráðgjafar innan skólakerfisins veita einnig þjónustu varðandi mat á þörf, mótun og þróun úrræða (Félagsráðgjafafélag Íslands, 2011).

Jónas G. Halldórsson tekur fram í grein sinni um leshömlun að mikilvægt sé að endurskoða ýmsa þætti í samfélaginu til að bæta stuðning nemenda með sértæka námsörðugleika svo sem menntun kennara, ráðgjafarþjónustu og sálfræðiþjónustu sem er veitt innan skólanna. Jónas telur að ekki sé lögð fullnægjandi áhersla á fræðslu á sértækum námsörðugleikum í námi kennara og skólasálfræðinga sem og að skortur sé á þekkingu varðandi þá í skólakerfinu. Áhugavert er að hann telur að varnarstaða og spenna milli fagstétta hafi haft slæm áhrif á þróun þessa mála (Jónas G. Halldórsson, 2000).

6 Niðurstöður

Í þessari ritgerð var lagt upp með að skoða sértæka námsörðugleika barna, áhrif þeirra og stuðning við þau börn. Sértækir námsörðugleikar eru af taugafræðilegum ástæðum sem hafa líffræðilegar orsakir þar sem heili og heilastarfsemi þessara einstaklinga er frábrugðin því sem telst eðlilegt. Þrátt fyrir að vera flokkaðir sem námsörðugleikar hafa þeir áhrif á fleiri þætti í lífi einstaklinga en nám. Leshömlun er einn undirflokk sértækra námsörðugleika og koma helstu einkenni fram í lestri, skrift, ritun og stafsetningu en einnig koma fram einkenni á borð við erfiðleika við skipulagningu, tímastjórnun, minni, áttaskyn auk erfiðleika varðandi ýmis konar hugtök og nöfn. Þó verður að hafa í huga að einkenni leshömlunar eru einstaklingsbundin og mismunandi hversu mörg einkenni eiga við hvern og einn. Einstaklingar með leshömlun búa einnig yfir umtalsverðum styrkleikum svo sem þrívíddar skynjun, ríku ímyndunarafli, skapandi og heildrænni hugsun, forvitni, þrautseigju og stærðfræðigáfum. Ýmsar raskanir geta fylgt leshömlun og benda rannsóknir til þess að tæplega helmingur þessa hóps sé aðeins með leshömlun en algengasta fylgiröskunin er ADHD. Þegar um ræðir fylgiraskanir eins og ADHD með leshömlun, eiga þeir einstaklingar oft enn erfiðara uppdráttar bæði námslega, félagslega og tilfinningalega.

Þau áhrif sem leshömlun getur haft er léleg félagsfærni og félagsleg einangrun, hegðunarvandamál, slæm sjálfsmynd, kvíði og streita. Leshamlaðir einstaklingar geta átt við

minnimáttarkennd að stríða, lifa oft við ákveðinn ótta, erfiðleikar eins og kvíði getur án íhlutunar þróast í þunglyndi og þeir sýna jafnvel áhættuhegðun svo sem áfengis- og vímuefnaneyslu. Þessir örðugleikar eru umfangsmiklir og þarft að styðja þessa einstaklinga á öllum sviðum, það er námslega, félagslega og tilfinningalega. Einnig þarf að huga að fjölskyldum einstaklinga með leshömlun þar sem mikið álag er og streita foreldra getur haft slæm áhrif á barnið og fjölskylduna í heild. Verulega getur dregið úr streitu foreldra og fjölskyldu við að fá viðeigandi aðstoð varðandi leshamlaða barnið.

Mikilvægt er að stuðningur við börn með leshömlun fari eftir þörfum barnsins og að bæði hrós og gagnrýni felist í skilningi, stuðningi, hvatningu og jákvæðni. Endurskilgreina þarf væntingar til barnsins og leggja fram einstaklingsmiðuð markmið. Kortleggja þarf styrkleika einstaklingsins og leggja áherslu á þá. Því oftast sem einstaklingar upplifa árangur því meiri þol og þrautseigja er fyrir mistökum en endurtekin mistök geta haft slæm áhrif á sjálfstraustið. Fjölskyldan er mikilvægasti stuðningsaðili barna og þegar um ræðir sértæka námsörðugleika er mun meira álag inn á heimili barns. Hugsa þarf að fjölskyldu barns með sértæka námsörðugleika og veita foreldrum og systkinum viðeigandi stuðning svo þau hafi betri tækni á að aðstoða barnið og koma í veg fyrir að námsörðugleikarnir hafi slæm áhrif á fjölskyldulífið. Fjölskyldan sem heild hefur rétt á viðamikilli þjónustu bæði frá grunnskólum og sveitarfélaginu. Grunnskólar eiga að veita barninu stuðning og viðeigandi úrræði með aðstoð sérfræðiþjónustu sveitarfélags. Foreldrar geta einnig leitað til félagsþjónustu sveitarfélags sem á að veita félagslega ráðgjöf sem felst í að leiðbeina og aðstoða fjölskyldur í samskiptum við stofnanir svo sem skóla. Einnig er til staðar óháð ráðgjafamiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir sem nefnist Sjónarhóll.

Í lögum og reglugerðum varðandi grunnskóla og sveitarfélög má sjá hinar ýmsu skyldur sem þær stofnanir hafa að gegna varðandi stuðning við börn með sértæka námsörðugleika. Allir grunnskólar landsins eiga að framkvæma ákveðna skimun á námi nemenda sem leiðir í ljós hver þarf á stuðningi að halda og hver er líklegur til að eiga við örðugleika að stríða. Þegar í ljós kemur að nemandi á líklega við örðugleika að stríða svo sem við lestur eiga grunnskólar að leita til sérfræðiþjónustu sveitarfélaga sem sjá um greiningar og gera tillögur að úrræðum fyrir nemendur. Skólar eiga að bjóða upp á viðeigandi úrræði og reyna eftir fremsta megni að styðja börn innan skólans. Innan hvers skóla er starfandi nemendaverndarráð sem sér um mál einstakra nemenda eða nemendahópa. Ef nemandi þarf á auknum stuðningi að halda getur starfsfólk skólans, foreldrar, nemendur og fulltrúar

sérfræðipjónustu skólans óskað eftir að mál þess nemanda sé tekið upp hjá nemendaverndarráði. Umsjónarkennari nemanda getur einnig óskað eftir því við nemendaverndarráð. Hægt er að leita til sérfræðipjónustu sveitarfélags sem getur veitt nemendum, kennurum og foreldrum stuðning. Sérfræðipjónusta sveitarfélags skal einnig veita nemendum stuðning vegna líkamlegra-, sálrænna- og félagslegra vandamála. Sveitarfélög veita einnig félagslega þjónustu og félagslega ráðgjöf sem felst í að veita stuðning og upplýsingar. Einnig á þessi ráðgjöf að vera veitt í samvinnu við viðeigandi stofnanir eins og skóla.

Þrátt fyrir að lög og reglugerðir kveði á um viðamikla aðstoð er varða börn með sértæka námsörðugleika þá er þörf á starfsemi eins og Sjónarhóll veitir. Sjónarhóll er stuðningsaðili fjölskyldu barna með sérþarfir sem veitir faglega og óháða ráðgjöf. Erindi fjölskyldna til Sjónarhóls eru margvísleg en þau algengustu felast í skólamállum, stuðningsúrræðum, fjölskyldumálum og seinustu ár hafa mál vegna félagslegra samskipta færst í aukana. Hlutverk ráðgjafa innan Sjónarhóls er fjölbreytt og í því felst að veita ráðgjöf og leiðsögn í kerfinu. Ráðgjafarnir eiga að hafa góða yfirsýn yfir þjónustu á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Foreldrum eru kynnt réttindi sín, fá aðstoð við að finna og fá aðgang að hinum ýmsu úrræðum og þjónustu. Sú mikla eftirspurn sem er eftir þjónustu Sjónarhóls bendir til að þessari þjónustu sé ekki nægilega sinnt hjá sveitarfélögunum en einnig kom fram í þjónustukönnun að rúmlega 99% þátttakenda töldu vera þörf á þjónustu Sjónarhóls.

Félagsráðgjafar vinna út frá heildarsýn og hafa það hlutverk að líta á málefni einstaklinga út frá öllum áhrifaþáttum. Þá getur félagsráðgjafi greint og skoðað alla þá þætti sem hafa áhrif á líf einstaklingsins og unnið út frá þeim. Hefð hefur skapast fyrir fjölskyldumiðaðri félagsráðgjöf varðandi málefni geðrænna vandkvæða barna og er þar litið á mál út frá allri fjölskyldunni. Hlutverk félagsráðgjafar varðandi málaflokk sértækra námsörðugleika felst einna helst í félagsþjónustu sveitarfélaga en einnig starfar félagsráðgjafi innan sérfræðipjónustu sveitarfélags svo sem innan Reykjavíkur en þó er það misjafnt bæði eftir sveitarfélögum og þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur. Félagsráðgjafar starfa einnig innan skólanna og má telja það mikilvægt þar sem nemendur hafa þá greiðan aðgang að heildstæðri aðstoð í sínu nærsamfélagi. Þrátt fyrir það er ekki mjög algengt að grunnskólar séu með félagsráðgjafa innan skólans. Þó var félagsráðgjafi sem hafði frumkvæði að úrræðum í menntaskóla til aðstoðar nemendum með leshömlun. Til er sérvið innan

félagsráðgjafarfagsins sem nefnist félagsráðgjöf á fræðslu- og skólasviði sem felst í að horft sé á félagslegar-, tilfinningalegar- og námslegar aðstæður nemenda með heildarsýn að leiðarljósi.

Sértækir námsörðugleikar eru viðvarandi raskanir sem hafa veruleg áhrif á líf einstaklinga, en með þjálfun, aga og viðeigandi stuðningi geta þeir aukið færni sína og náð betri tókum á erfiðleikum sínum. Mikilvægt er að einstaklingar séu greindir snemma og fái viðeigandi stuðning og skilning frá umhverfi sínu.

7 Umræða

Telja má að sértækir námsörðugleikar barna og ungmenna geti haft mikil áhrif á líf þeirra og fjölskyldunnar og er stuðningur við alla áhrifaþætti mikilvægur. Mikilvægt er fyrir stuðningsaðila barna með sértæka námsörðugleika að fræðast um þessar hamlanir og geta þannig öðlast skilning á aðstæðum þeirra. Ekki má gleyma að þrátt fyrir talsverða veikleika sem fylgja leshömlun geta styrkleikar þessara einstaklinga verið miklir. Því er sérstaklega mikilvægt að gera grein fyrir bæði veikleikum og styrkleikum og nýta styrkleika einstaklingsins til að ná árangri. Þegar um námsörðugleika er að ræða er oft einblínt á stuðning við nám, sem er vissulega mikilvægt, en þó skal hafa í huga þá félagslegu og tilfinningalegu erfiðleika sem geta fylgt námsörðugleikum. Einnig eru fylgiraskanir leshömlunar nokkuð algengar og huga þarf að greiningu þeirra, sem og að skilningur sé fyrir auknum erfiðleikum einstaklingsins þegar um fylgiraskanir er að ræða. Stuðningur fjölskyldunnar við einstakling með leshömlun er mikilvægur en einnig þarf að huga að stuðningi við fjölskylduna sjálfa þar sem námsörðugleikar eins og leshömlun getur aukið álag á alla meðlimi fjölskyldunnar. Álag er mjög mikið á heimili barna með námsörðugleika, svo sem vegna heimanáms, og mikilvægt er að finna leiðir með foreldrum og skólum, til dæmis aðgengi að heimanámsaðstoð fyrir börnin. Áhugavert væri að skoða hvort heimanámsaðstoð væri ekki ein árangursríkasta námsaðstoð sem hægt væri að bjóða upp á fyrir nemendur með leshömlun og fjölskyldur þeirra.

Lestur og skrift er vissulega mikilvæg forsenda náms og þátttöku í samfélaginu og er mikilvægt að efla lestur barna þó þýðir það ekki að það að lesa og skrifa sé eina leiðin fyrir börn til að ná tókum á námsefninu. Ef styrkleikar eða áhugasvið einstaklings með leshömlun liggja til dæmis í sagnfræði er ef til vill skynsamlegra að einstaklingurinn nýti sér aðrar leiðir til að læra það en að lesa fjöldann allan af sagnfræðibókum. Lestur þarf ekki að vera lykillinn

að öllu fræðilegu námi og ætla má að kennsla í skólastofum geti færst að auknu leyti til árangursríkari aðferða fyrir einstaklinga með námsörðugleika þar sem skóli í grunninn miðar að því að nemendur öðlist þekkingu. Í rannsókn Höllu Magnúsdóttur skoðaði hún heimasíður grunnskóla þar sem fjallað var um leshömlun. Hún tók eftir því að lögð var áhersla á æfingu í lestri og á einni síðunni var í lokin varpað fram málshættinum „Blindur er bóklaus maður“ (Halla Magnúsdóttir, 2010). Vafamál er að einstaklingar með leshömlun myndu telja þessi orð heppileg eða uppörvandi. Túlka má málsháttinn í raun sem þau skilaboð sem margir eru að fá úr samfélaginu.

Stuðningur frá skólum getur dregið verulega úr álagi leshömlunar á einstaklinga og fjölskyldur þeirra og samkvæmt lögum á stuðningur, fræðsla og úrræði fyrir nemendur með námsvanda að vera talsverður bæði frá skólum og sveitarfélögum. Þrátt fyrir það virðist vera þörf á aukinni og heildstæðri þjónustu þar sem mikil eftirsókn er eftir þjónustu frá Sjónarhóli.

Mikilvægt er að styðja einstaklinginn með einstaklingsbundnum hætti en í því skyni þarf að hafa augun opin fyrir fjölþættum örðugleikum sem geta fylgt leshömlun, það er félagslegum- og tilfinningalegum örðugleikum. Huga þarf að aðstæðum þessara einstaklinga með heildarsýn og taka alla þætti inn í þar sem ekki er nægilegt að huga aðeins að námsaðstoð þegar um félagslega- og tilfinningalega örðugleika er einnig að ræða. Sameiginlegt markmið foreldra og skóla felst í að skila út í lífið virkum þjóðfélagsþegnum. Ef einstaklingar fá ekki viðeigandi aðstoð varðandi alla þætti sértækra námsörðugleika getur það ekki aðeins haft slæm áhrif á framtíð einstaklingsins og fjölskyldu hans heldur einnig á samfélagið í heild sinni. Félagsráðgjafar vinna út frá heildarsýn og þar sem leshömlun hefur áhrif á allt líf einstaklingsins sem og fjölskyldu þess má telja hlutverk félagsráðgjafa eigi að vera umtalsvert innan þessa málaflokks. Hlutverk Sjónarhóls og þau erindi sem koma inn á borð til þeirra er þjónusta sem má ætla að opinbera kerfið ætti að veita. Þegar skoðað er hlutverk ráðgjafa Sjónarhóls svipar það mjög til hlutverks félagsráðgjafa og mætti ætla að félagsráðgjafar innan skóla og sveitarfélaga ættu að sinna því starfi sem ráðgjafar Sjónarhóls sinna svo sem að kynna fólki réttindi sín og veita leiðsögn í kerfinu. Samkvæmt lögum og reglugerðum ætti sú aðstoð að vera til staðar innan sveitarfélaganna en einnig eru félagsráðgjafar starfandi innan skólakerfisins í einhverjum mæli. Telja má vænlegt að félagsráðgjafar sinntu hlutverki Sjónarhóls í nærsamfélagi nemenda og fjölskyldna. Þó er Sjónarhóll óháð samtök og velta má fyrir sér hvort það hafi góð áhrif á þeirra þjónustu.

Athyglisvert er hversu erfitt þykir að koma félagsráðgjöfum inn í skólakerfið á þeirra forsendum og hversu lítið hlutverk þeir hafa í raun þegar kemur að námsörðugleikum svo sem leshömlun. Sérstaklega þar sem félagsráðgjafinn Guðrún Helga Sederholm var ein þeirra sem stofnaði lestarmiðstöðina og hrinti af stað mörgum þeim úrræðum og námsaðstoð sem nemendur með leshömlun fá í menntaskólum í dag. Gott væri að félagsráðgjafa væri að finna innan skólakerfisins í auknum mæli þar sem þeir gætu veitt aðgengilega þjónustu við kennara, nemendur og fjölskyldur í heild sinni. Félagráðgjafar líta þá til stuðningsnets barnsins og geta aðstoðað til dæmis fjölskyldu þess að veita barninu stuðning á heildstæðan hátt. Félagráðgjafar gætu innan skólans tekið á móti nemendum og fjölskyldum milliliðalaust á heilrænan hátt og horft meðal annars til félagslegra-, tilfinningalegra- og námslegra þátta sem hafa áhrif á líf þeirra. Sjá má af hlutverki félagsráðgjafa hversu mikilvægt framlag þeirra er til sérfræðiþjónustu skóla og sveitarfélaga sem og almennt í félagslegri ráðgjöf sveitarfélaga. Þar sem mikil eftirspurn er eftir þjónustu Sjónarhóls má sjá að styrkja þarf félagsráðgjöf innan sérfræðiþjónustu bæði innan skóla og sveitarfélaga en einnig auka hlutverk félagsráðgjafa innan félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi sértæka námsörðugleika.

Heimildaskrá

- ADHD samtökin. (e.d.-a). *Hvað er ADHD?* Sótt 21. mars 2013 af <http://www.adhd.is/is/um-adhd/hvad-er-adhd->.
- ADHD samtökin. (e.d.-b). *Sjónarhóll*. Sótt 22. mars 2013 af <http://www.adhd.is/is/um-adhd/sjonarholl>.
- Antshel, K. M. og Joseph, G. (2006). Maternal Stress in Nonverbal Learning Disorder: A Comparison With Reading Disorder [rafræn útgáfa]. *Journal of Learning Disabilities*, 39(3), 194-205.
- Capacent gallup. (2012). *Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð: Þjónustukönnun*. Reykjavík.
- Dawson, J. (2008). *Learning disabilities and sibling issues*. Sótt 6. mars 2013 af <http://www.greatschools.org/special-education/support/680-learning-disabilities-sibling-issues.gs>.
- Elín Vilhelmsdóttir. (2007). *Lesblinda: Dyslexía – fróðleikur og ráðgjöf*. Reykjavík: Félag lesblindra á Íslandi.
- Embætti landlæknis. (e.d.). *Síðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 2. febrúar 2013 af <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>.
- Embætti landlæknis. (2012, mars). *Vinnulag við greiningu og meðferð athyglisbrests með ofvirkni (ADHD)*. Sótt 21. mars 2013 af <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item14259/version5/ADHD-7.%20mars%202012.pdf>.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (2011, júní). *Starfslýsing félagsráðgjafa í skólum*. Sótt 24. febrúar 2013 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=20&Itemid=43>.
- Gans, A. M., Kenny, M. C. og Ghany, D. L. (2003). Comparing the Self-Concept of Students With and Without Learning Disabilities [rafræn útgáfa]. *Journal of Learning Disabilities*, 36(3), 287-295.
- Guðrún Elva Arinbjarnardóttir. (2009, apríl). *Saga og þróun Skólafélagsráðgjafar*. Sótt 24. febrúar 2013 af <http://skolafelagsradgjof.wordpress.com/category/saga-og-%C3%BEroun-skolafelagsra%C3%B0gjafar/>.

- Guðrún H. Sederholm. (2008, janúar). *Umsagnir fagdeildar félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði (FFS) í Félagsráðgjafafélags Íslands vegna frumvarpa til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Janúar 2008*. Sótt 29. mars 2013 af <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1030>.
- Halla Magnúsdóttir. (2010). *Hugmyndir, reynsla og viðmið tengd kennslu barna með dyslexíu*. Reykjavík: Félag lesblindra á Íslandi.
- Hrefna Ólafsdóttir. (2006). Börn og geðræn vandkvæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 111-127). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RBF.
- Hrund Logadóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Sigþór Magnússon, Skúli Sigurðsson og Þorgerður Diðriksdóttir. (2008). *Skýrsla framkvæmdahóps um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar. Sótt 4. febrúar 2013 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/skyrslur/Skyrsla_starfshops_lesroskun_08.pdf.
- International Dyslexia Association. (2002, nóvember). *Definition of Dyslexia*. Sótt 15. janúar 2013 af <http://www.interdys.org/ewebeditpro5/upload/Definition.pdf>.
- Jónas G. Halldórsson. (2000). Sértæk lesröskun. *Glæður*, 10 (2), 27-34.
- Kaplan, B. J., Dewey, D. M., Crawford, S. G. og Wilson, B. N. (2001). The Term Comorbidity Is of Questionable Value in Reference to Developmental Disorders: Data and Theory [rafræn útgáfa]. *Journal of Learning Disabilities*, 34(6), 555-565.
- Kópavogsbær. (e.d.). *Sérfræðiþjónusta*. Sótt 21. mars 2013 af <http://www.kopavogur.is/thjonusta/skolar/grunnskolar/serfraedithjonusta/>.
- Kurnoff, S. (e.d.). *Living with Siblings with Learning Disabilities*. Sótt 6. mars 2013 af <http://www.greatschools.org/special-education/support/801-siblings-with-learning-disabilities.gs>.
- Leikskólasvið Reykjavíkur og Menntasvið Reykjavíkur. (2008). *Skýrsla starfshóps um eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni barna/nemenda í leik- og grunnskólum*. Sótt 6. febrúar 2013 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/skyrslur/skyrsla_starfshops_sjalfsmynd_felagsf.pdf.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

National Center for Learning Disabilities. (e.d.). *What Are Learning Disabilities?* Sótt 16.

janúar 2013 af <http://www.nclld.org/types-learning-disabilities/what-is-ld/what-are-learning-disabilities>.

Marjatta Ísberg. (2002). Viðhorf og bjargarhættir fullorðinna leshamlaðra Íslendinga. *Uppeldi og menntun*, 11, 227-246.

Martínez, R. S. og Semrud-Clikeman, M. (2004). Emotional Adjustment and School Functioning of Young Adolescents with Multiple Versus Single Learning Disabilities [rafræn útgáfa]. *Journal of Learning Disabilities*, 37(5), 411-420.

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Skýrsla nefndar um lestrarörðugleika og leshömlun*. Sótt 2.

febrúar 2013 af

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=02BA5864704A0D69002576F00058DC4C&action=openDocument>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). *Skrifstofa menntamála*. Sótt 21. febrúar 2013 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/raduneyti/skipulag/skipurit/nr/4955>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Ungt fólk 2012: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla*. Reykjavík: Rannsóknir & greining ehf.

Nelson, J. M. og Harwood, H. (2011). Learning Disabilities and Anxiety: A Meta-Analysis [rafræn útgáfa]. *Journal of Learning Disabilities*, 44(1), 3-17.

Ragnhildur Bjarnadóttir. (2002). Hvað telja unglingar sig læra af áhugamálum sem þeir stunda utan skóla? *Uppeldi og menntun*, 11, 207-226.

Raskind, M. og Margalit, M. (e.d.). *Research Trends: Learning Disabilities and the Family*. Sótt 6. mars 2013 af <http://www.greatschools.org/special-education/health/1081-learning-disabilities-and-the-family.gs>.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Reykjavíkurborg. (e.d.-a). *Félagsleg ráðgjöf*. Sótt 24. mars 2013 af

http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-734/.

Reykjavíkurborg. (e.d.-b). *Sérfræðipjónusta við leik- og grunnskóla*. Sótt 21. febrúar 2013 af

http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4046/6870_view-3389/.

- Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2006). *Lexía: Fræði um leshömlun, kenningar og mat*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sexton, C. C., Gelhorn, H. L., Bell, J. A. og Classi, P. M. (2012). The Co-occurrence of Reading Disorders and ADHD: Epidemiology, Treatment, Psychosocial Impact, and Economic Burden [rafræn útgáfa]. *Journal of Learning Disabilities*, 45(6), 538-564.
- Shaywitz, Sally. (2003). *Overcoming Dyslexia*. New York: A Division of Random House, Inc.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Singer, E. (2005). The Strategies Adopted by Duch Children with Dyslexia to Maintain Their Self-Esteem When Teased at School [rafræn útgáfa]. *Journal of Learning Disabilities*, 38(5), 411-423.
- Sjónarhóll. (e.d.-a). *Foreldraráðgjöf*. Sótt 12. febrúar 2013 af <http://sjonarholl.net/foreldraradgjof/>.
- Sjónarhóll. (e.d.-b). *Stefna Sjónarhóls, október 2012*. Sótt 12. febrúar 2013 af <http://sjonarholl.net/stefna/stefna-oktober-2012/>.
- Sjónarhóll. (e.d.-c). *...til betra lífs*. Sótt 12. febrúar 2013 af <http://sjonarholl.net/sjonarholl-ses/>.
- Sjónarhóll. (2005). Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses. *Ársskýrsla 2003-2004*. Sótt 22. mars 2013 af http://www.sjonarholl.net/files/Skra_0008889.pdf.
- Sjónarhóll. (2007). *Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses. Ársskýrsla 2006*. Sótt 22. mars 2013 af http://www.sjonarholl.net/files/Skra_0019763.pdf.
- Sjónarhóll. (2012). *Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses. Ársskýrsla 2011*. Sótt 22. mars 2013 af http://sjonarholl.net/files/Skra_0057180.pdf.
- The International Dyslexia Association. (e.d.). *How Common Are Language-Based Learning Disabilities?* Sótt 8. mars 2013 af <http://www.interdys.org/FAQHowCommon.htm>.
- World Health Organization. (e.d.-a). *International Classification of Diseases (ICD)*. Sótt 19. febrúar 2013 af <http://www.who.int/classifications/icd/en/>.
- World Health Organization. (e.d.-b). *The ICD-10 Classification of Mental and Behavioural Disorders*. Sótt 17. janúar 2013 af <http://www.who.int/classifications/icd/en/bluebook.pdf>.
- Þuríður Þorbjarnardóttir og Heiða María Sigurðardóttir. (2007, febrúar). *Hvað fer fram í vinstra heilahveli og hvað fer fram í því hægra?* Sótt 4. febrúar 2013 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6505>.